




HÁSKÓLI ÍSLANDS

TÍMARIT KENNSLUMIÐSTÖÐVAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

október 2015
4. árgangur, 1. tölublað



EFNISYFIRLIT

STARFSEMI KENNSLUMÁLANEFNDAR	4	STUÐNINGUR RITVERS VIÐ STÚDENTA	18
NOTKUN RAFMYNTAR TIL AÐ HVETJA NEMENDUR TIL NÁMS	5	KENNSLA ALDREI AFGANGSSTÆRÐ	20
EFLING SAMRÆMDRA KENNSLUHÁTTA Í HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD	6	INSTAGRAM SEM KENNSLUTÆKI	22
UMSJÓNARKERFI Í ÞJÓÐFRÆÐI	8	NÁMSMAT OG ENDURGJÖF FRÁ SJÓNARHÓLI NATIONAL UNION OF STUDENTS Á BRETLANDI	23
KENNSLUMÁLÞING 2015 - NÁMSMAT OG ENDURGJÖF	10	GÆÐASTARF ER LÆRDÓMSFERLI	26
HVAÐ ER FINNSKA MÓDELIÐ?	11	MÍÐMISSERISKÖNNUN	30
KENNSLUVETTANGUR STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILDAR	12	GRÓSKA Í UPPLÝSINGATÆKNI	34
HÓPLEIÐSÖGN Í MEISTARAVERKEFNI	14	UMBÓTASTARF MEÐ NEMENDUM OG KENNURUM Í STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILD	36
NÁMS- OG KENNSLUMÁLANEFND STÚDENTARÁÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS	16	VIÐURKENNING FYRIR LOFSVERT FRAMLAG Í KENNSLU	38
		STARFSFÓLK KENNSLUMIÐSTÖÐVAR H.Í	39

Í DAGSINS ÖNN

Guðrún Geirsdóttir, dósent á Menntavísindasviði og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands

Það er í miðri erilsamri viku í Kennslumiðstöð sem ég sest niður og skrifa örfáar línur til að fylgja tímaritinu okkar úr hlaði. Ekki það að allar vikur hér eru nokkuð annasamar og stundum staulast ég heim uppgefin en finnst fátt liggja eftir af leystum verkefnum (en samkvæmt vinnustaðakönnun HÍ er ég víst ekki ein um þá tilfinningu). Hugurinn leitar aftur til upphafstíma Kennslumiðstöðvar. Þá var mitt hlutverk fyrst og fremst að skipuleggja stök námskeið fyrir kennara og vinsælast var námskeiðið *Powerpoint í kennslu*. Dagbókin mín núna sýnir líklega best hvernig hugmyndir mínar og annarra um kennsluþróun hafa breyst og þróast. Best að gefa nokkur sýnishorn.

Mánudagur: Hádegisfundur með umsjónarkennurum í VoN, þ.e. þeim sem stýra vinnu dæmatímakennara, nemenda sem gegna lykilhlutverki við að sinna aðstoðarkennslu. Við erum nýbúin að halda námskeið fyrir dæmatímakennarana og þar komu nemendur fram með svo mörg áhugaverð sjónarhorn að við urðum að fá að hitta kennara þeirra til að koma skilaboðunum áfram. Fundurinn var góður og gagnlegur

og við Sigdís og Anna Helga ákveðum að vinna áfram með viðfangsefnið. Væri ekki gott að búa til handbók? Bæði fyrir kennara og nemendur? Samnýta góðar hugmyndir sem komu fram á fundinum?

Þriðjudagur: Fundur með stjórnendum á Kennslusviði. Í dag eru áhyggjur af fyrirhuguðu verkfalli SFR fyrirferðarmestar en við ræðum líka vanda flóttamanna sem vilja koma í skólann en hafa enga pappíra til að sýna. Fundinum lýkur með umræðum um það hversu vel við undirbúum nemendur undir það að fóta sig í atvinnulífínu að námi loknu. Fjölmörg sóknarfæri fyrir kennsluþróun þar!

Síðdegis er fundur í stefnumótunarhópnum. Hægt og sígandi er ný stefna Háskóla Íslands að verða til. Ég er auðvitað hrædd um að kennslumálin fái ekki þann sess sem þau svo sannarlega verðskulda. Áherslan á rannsóknir síðustu árin hefur vissulega skilað Háskólanum hátt á háskólalista – en ætli það sé á kostnað kennslunnar?

Miðvikudagur: Í dag þarf að finna annan fundartíma fyrir þá sem sinna kennsluþróun innan opinberu háskólanna. Ég



klúðraði þeim fundi í síðustu viku með því að leggjast veik. Það er erfitt fyrir glænýja stétt háskólafélks í kennsluþróun að vinna í fámenninu og mikilvægt að við reynum að styðja hvert annað. Þegar fundur er í höfn gefst smástund til að skrifa um finnska módelið – það er kennsluþróunarlíkan sem ég bind svo miklar vonir við og þarf að finna enn betri herkænskuleiðir til að koma á laggirnar – þær eru svo margar vindmyllurnar.

Fimmtudagur hefst með morgunkaffi kennslustjóra fræðasviðanna. Kennslustjórnarnir hafa umsjón með ótal málum á sviði kennslu og okkur langar að efla samstarfið. Eftir hádegi ætti að vera tími í Inngangi að háskólakennslufræði. Það er tíu eininga námskeið sem nú sitja um tuttugu háskólakennarar. Í dag ætluðum við að fjalla um kennsluáferðir en verkfallið setur strik í reikninginn og ég fæ ekki að hitta mína ágætu nemendur þessa vikuna. Síðdegis hleyp ég upp á Menntavísindasvið. Þar er námsbraut í leikskólafræði að glíma við að styrkja og straumlínulaga námskrána sína og hafa beðið mig um að skoða hrísstöflurnar sínar og ræða hvað má betur fara. Þetta eru bara ein af mörgum deildum sem standa í þessu þarfaverki sem því miður gefst allt of lítil tími til að sinna. Föstudagur: Fundur með starfsmönnum í Miðstöð

framhaldsnáms. Við höfum lengi rekið áróður fyrir því að kennarar fái fræðslu og stuðning í leiðsagnarhlutverki með meistara- og doktorsnemendum og erum nú loksins farin af stað við undirbúninginn. Klukkan ellefu mæta tíu háskólakennarar í síðasta námskeiðið í háskólakennslufræðum. Þetta eru ofurhugarnir sem lokið hafa fyrri námskeiðunum tveimur og ætla nú að hefjast handa við að skilgreina kennslufræðilegar rannsóknir eða þróunarverkefni sem þeir munu glíma við fram á vor. Ég þarf eiginlega að henda þeim út áður en tíma er formlega lokið, því loksins, loksins tókst okkur í Kennslumiðstöð að negla niður stefnumótunarfund þar sem tekist verður á við erfitt verkefni: Hvernig eigum við að forgangsraða okkar störfum? Einn kaldur í Stúdentakjallaranum á eftir hlýtur að vera verðskuldaður!

Kæru lesendur. Það er ánægjulegt að fylgja þessu tímariti Kennslumiðstöðvar úr hlaði. Hér birtast skrif fjölmargra sem eru tilbúnir að deila með okkur fjölbreyttum verkefnum sínum á sviði kennslu og eiga þeir þakkir skildar fyrir það.

Guðrún Geirsdóttir, deildarstjóri Kennslumiðstöðvar

Starfsemi Kennslumálanefndar

Börkur Hansen, prófessor og formaður Kennslumálanefndar háskólaráðs

Kennslumálanefnd er ein af fastanefndum háskólaráðs. Í nefndinni eiga sæti formaður, skipaður af rektor, formenn kennslunefnda fræðasviðanna fimm og einn fulltrúi stúdenta, tilnefndur af stúdentaráði. Helsta hlutverk nefndarinnar er að vera rektor og háskólaráði til ráðuneytis um hvaðeina er lýtur að kennslu, kennsluháttum, þróun og nýmælum á sviði náms og kennslu.


Kennslumálanefnd heldur fundi reglulega yfir skólaárið, þ.e. á tveggja vikna fresti. Helsta hlutverk nefndarinnar er að stuðla að framgangi stefnu Háskóla Íslands um nám og kennslu. Kennslumálanefnd er jafnframt samráðsvettvangur kennslunefnda fræðasviða, kennslusviðs og Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands um helstu málefni er lúta að námi og kennslu við skólann. Viðfagsefni nefndarinnar eru því afar fjölbreytt. Hér verður einungis minnst á fjögur mikilvæg verkefni.

Á síðastliðnu skólaári var eitt helsta verkefni kennslumálanefndar að standa fyrir kennslumálaþingi sem var skipulagt í samráði við stúdentaráð, gæðastjóra, kennslusvið og Kennslumiðstöð. Námsmat og endurgjöf voru viðfangsefni þingsins að þessu sinni og voru þau valin á grundvelli upplýsinga úr kennslukönnunum og skýrslum um úttektir á námi og kennslu í deildum skólans. Yfirskrift þingsins var „Af hverju fékk ég sjö?“ Þess ber að geta að bæði námsmat og endurgjöf eru taldir áhrifamiklir þættir í námi nemenda, þættir sem hafa áhrif á áhuga þeirra, ástundun og tileinkun þeirrar þekkingar og hæfni sem um ræðir. Meginerindið hélt Kate Little, verkefnisstjóri hjá samtökum stúdentafélaga á Bretlandseyjum um átaksverkefni breskra stúdenta, um námsmat og endurgjöf. Þingið tókst vel þótt þátttaka hefði mátt vera meiri en um 120 manns sóttu þingið.

Kennslumálanefnd mun halda áfram umræðum um námsmat og endurgjöf en margir háskólar hafa sett sér viðmið um ýmis atriði er tengjast námsmati og leiðsögn, s.s. um fjölbreytni í námsmati, matskvarða, vægi lokaprófa, dreifingu einkunna, skipulag leiðsagnar við nemendur, yfirferð verkefna og prófa.

Annað mikilvægt verkefni kennslumálanefndar var að standa fyrir fundi með Félagi íslenskra framhaldsskóla (FÍF) og fulltrúum frá öllum deildum Háskólans um styttingu náms til stúdentsprófs en umræða um styttingu náms til stúdentsprófs hefur staðið yfir í mörg ár. Með styttingu framhaldsskólanáms eiga nemendur sem nú hefja nám að ljúka stúdentsprófi á þremur árum í stað fjögurra. Stjórnendur úr bóknámsskólum

og verkmenntaskólunum auk fulltrúa úr Mennta- og menningarmálaráðuneytinu héldu erindi um efnið. Dæmi um spurningar sem kennslumálanefnd vildi fá svör við var hvort inntaki námsins yrði breytt, hvort nám yrði stytt í mikilvægum námsgreinum og hvort allir framhaldsskólar væru þátttakendur í fyrirhuguðum



Börkur Hansen

breytingum. Kennslumálanefnd taldi mikilvægt að fá svör við þessum spurningum í ljósi þess að deildir og svið skólans eru að hefja vinnu við endurskoðun aðgangsviðmiða í grunnnámi sem voru gerð með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Meginkilaboð fundarins voru að styttingin byggðist einkum á mun betri nýtingu á tíma í skipulagi framhaldsskólanna og að óverulegar breytingar yrðu gerðar á inntaki náms til stúdentsprófs.

Þriðja mikilvæga verkefnið er stuðningur við hugmynd kennslumiðstöðvar um kennsluþróunar á öllum fræðasviðum. Slíkt fyrirkomulag hefur reynst vel við Helsinkiháskóla en þaðan kemur fyrirmyndin. Einn þáttur hugmyndarinnar er að ráða kennslufræðinga að fræðasviðum með það meginhlutverk að afla upplýsinga um nám og kennslu á viðkomandi stöðum með hagnýtum rannsóknnum sem og að halda fræðslufundi og námskeið um kennslutengd málefni. Gert er ráð fyrir að þessir kennarar starfi í nánú samstarfu við Kennslumiðstöð. Skref í þessa átt hafa verið tekin á nokkrum sviðum og af þeirri reynslu má læra en ljóst er að núverandi starfsfólk Kennslumiðstöðvar getur ekki sinnt nema hluta þeirra mikilvægu verkefna er hafa með eflingu náms og kennslu að gera.

Fjórdi mikilvæga verkefni Kennslumálanefndar háskólaráðs var úthlutun úr kennslumálasjóði á síðastliðnu vori. Ákveðið var að styrkja 22 verkefni um 12 m.kr. en alls bárust 39 umsóknir. Samtals var sótt um tæplega 29 m.kr. Í samræmi við vinnureglur um úthlutun úr kennslumálasjóði leitaði nefndin einkum eftir því hvort að umsóknirnar tengdust stefnu HÍ 2011-16, hvort þær stuðluðu að nýjungum í kennsluháttum og hversu mörgum þær nýttust, beint eða óbeint.

NOTKUN RAFMYNTAR TIL AÐ HVETJA NEMENDUR TIL NÁMS

Anna Helga Jónsdóttir, aðjunkt við Raunvísindadeild

Í dag má finna fjöldann allan af kennslukerfum á netinu en sú var ekki raunin þegar Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild, byrjaði að þróa kennslukerfið tutor-web. Nú, 15 árum síðar, er tutor-web alþjóðlegt samvinnuverkefni og eru rannsóknarverkefniin mörg.

Kerfið hefur verið notað með góðum árangri í stærðfræði- og tölfraedikennslu við HÍ, í nokkrum framhaldsskólum hér á landi og háskólum í Kenýa. Notkun kerfisins er ókeypis og það opið öllum sem hafa áhuga á að styrkja stærðfræði- og tölfraedikunnáttu sína. Æfingarnar í kerfinu eru ekki hugsaðar sem próftæki heldur eiga nemendur að læra af að svara þeim.

Kerfið hefur nýst vel í fjölmönnum inngangsnámskeiðum í stærðfræðigreiningu og tölfraedi við HÍ þar sem það sparar mikla vinnu við yfirferð. Formlegar rannsóknir hafa einnig verið gerðar á lærdómi nemenda sem sýna að nemendur standa sig betur á prófum eftir að hafa unnið heimavinnu í kerfinu heldur en eftir hefðbundin heimadæmaskil. Ýmsar ástæður gætu legið að baki en ef marka má upplifun nemenda er ein þeirra sú að þeir fá endurgjöf á vinnu sína í rauntíma því þegar æfing hefur verið leyst fær nemandinn að vita um leið hvort lausn hans var sú rétta og ef ekki, hvernig rétt lausn fæst með útskýringum.

Sem dæmi um rannsóknarverkefni, sem unnið er að í tengslum við kerfið, er hvernig úthluta á æfingum til nemenda svo þeir læri sem mest af að svara þeim. Í dag er spurningum



úthlutað til nemenda eftir getu þeirra þannig að nemendur fá fyrst auðveldar æfingar en þær þyngjast með hækkandi einkunn. Annað dæmi er þróun einkunnaalgríms sem á að virka hvetjandi á nemendur til að halda áfram að vinna í kerfinu. Nýjasta tilraunin er að gefa nemendum broskarla (smileycoin eða SMLY) fyrir frammistöðu.



Anna Helga Jónsdóttir

Broskarlarnir eru rafmynt og eru í eðli sínu nákvæmlega eins og Bitcoin eða Auroracoin. Nemendur geta keypt hana, selt hana eða notað til að greiða hver öðrum fyrir aðstoð við heimavinnu. Í augnablikinu er þetta einfaldlega skemmtileg tilraun enda er rafmyntin í eðli sínu (nánast) verðlaus því hún er framleidd og afhent en engin eftirspurn er eftir henni. Nú standa yfir viðræður um að nemendur geti keypt sér kaffibolla fyrir broskarla. Þannig gætu nemendur fjármagnað kaffineyslu sína með góðum árangri í tutor-web kerfinu.

Eins og áður hefur komið fram er tutor-web verkefnið alþjóðlegt samvinnuverkefni og hefur kerfið verið notað við stærðfræðikennslu í Kenýa. Fljótlega kom í ljós að aðstæður þar eru mjög ólíkar aðstæðum hér á landi og hafa ýmsar endurbætur verið gerðar á kerfinu svo hægt sé að nota það við hinar erfiðustu aðstæður; ekki er hægt að reikna með nettengingu og rafmagn getur verið stopult. Niðurstaðan var ný útfærsla á kerfinu sem hefur fengið nafnið Education in a suitcase. Þessi útfærsla samanstendur af fartölvu með þráðlausum sendi og netþjóni sem spjalddölvur geta tengst og talað við. Spjalddölvurnar þurfa ekki að vera sítingdar netþjóninum til þess að kennslukerfið virki heldur geta nemendur tengst netþjóninum í skólanum og farið svo heim og unnið áfram í æfingum í kerfinu. Fyrsta prófun á þessari útfærslu var gerð í sumar og fór hún fram úr björtustu vonum.

Lesið má nánar um tutor-web verkefnið hér: tutor-web.info og nálgast má kerfið hér: tutor-web.net

Efling samræmdra kennsluhátta í Hjúkrunarfræðideild

Pórdís Katrín Þorsteinsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild

Samhliða vinnu við breytingar á námsskrá í námi til BS-prófs, var talið mikilvægt að mótuð væri stefna í Hjúkrunarfræðideild um hvernig kennsluáðferðum verði breytt í átt að árangursríkari og markvissari kennsluháttum. Hér var ekki einungis átt við aðferðir við kennslu heldur líka annað sem tengist kennslu, svo sem hvers konar búnað æskilegt væri að nemendur hafi í náminu, aðstaða til náms, námsmat og samræming námskeiðsáætlna.

Í samantekt Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um viðhorf nemenda í grunnnámi á Heilbrigðisvísindasviði veturinn 2013-14 kom fram að einungis um fjórðungur 2. árs nemenda í hjúkrunarfræði töldu kennsluáðferðir fjölbreyttar og að þær hvettu til virkni þeirra í kennslustofunni (Félagsvísindastofnun, 2014). Miðað við aðrar deildir Heilbrigðisvísindasviðs raðaðist Hjúkrunarfræðideild þriðja neðst hvað varðar báða þessa þætti. Fyrstu tvö árin í hjúkrunarfræði sækja nemendur aðallega bókleg námskeið en þó er bæði töluvert um verklegar æfingar og einnig klínískt nám tengt þeim námskeiðum sem kennd hafa verið. Ef til vill horfðu nemendur ekki til slíkrar kennslu við mat sitt heldur einungis til hefðbundinnar kennslu í kennslustofu.

Undanfarið hafa verið gerðar breytingar á námsskrá í námi til BS-prófs í hjúkrunarfræði í því markmiði að aðlaga námið að nýrri þekkingu í hjúkrunarfræði og heilbrigðisvísindum. Þannig verður stefnt að því að efla klíníska kennslu, fækka eiginlegum fyrirlestrum en innleiða frekar lausnamiðuð verkefni og tilfellakennslu, markvissari upplýsingatækni í kennslu og svara þannig breytingum á innviðum heilbrigðisþjónustu og í samfélaginu. Því var talin ástæða til að kanna hugmyndir og reynslu kennara af kennslu í Hjúkrunarfræðideild og hvaða leiðir þeir höfðu notað til að efla nám nemenda og gera nemendur virkari í námi sínu.

Rannsóknir í kennslufræðum hafa sýnt að stjórnendur í háskólum, þá sérstaklega deildarforsetar, geta haft mikilvæg áhrif á kennslumál og viðhorf kennara til þróunar kennsluhátta (Gibbs, 2009). Afstaða stjórnenda, eigin kennslureynsla og virðing, auk vilja til breytinga virðist skipta máli við þróun í átt að afburða kennslu og viðhald gæða í kennslu. Samræður stjórnenda um kennslumál hafa virst sérstaklega árangursríkar (Gibbs, 2009). Fleiri rannsóknir




Pórdís Katrín Þorsteinsdóttir

í kennslufræðum benda til þess að háskólakennarar sem ígrundi kennslu sína og beini sjónum að námi nemenda frekar en kennslunni sjálfri séu betri kennarar en aðrir (Prosser & Trigwell, 1999; Michael, Martin, Trigwell, Ramsden og Lueckenhausen, 2005; Ho, Watkins og Kelly, 2001; Entwistle & Peterson, 2004). Einnig virðist skipta máli að háskólakennarar ræði kennslu sína við samstarfsfélaga sem þeir bera traust til og að umhverfi vinnustaðarins leyfi slíkar umræður og telji þær æskilegar (Roxá & Mártensson, 2008). Reglulegar samræður um kennslumál í Hjúkrunarfræðideild sem sprottunar væru af áhuga kennara deildarinnar með stuðningi frá starfsmönnum Kennslumiðstöðvar voru því taldar líklegar til árangurs hvað varðar þróun og eflingu samræmdra kennsluhátta í Hjúkrunarfræðideild.

Veturinn 2014-15 voru haldnir þrjú spjallfundir til að afla gagna um viðhorf til kennsluhátta meðal kennara Hjúkrunarfræðideildar. Auk þess hvatti verkefnið til umræðu um kennslumál með það að leiðarljósi að efla samræmda kennsluhætti. Lagðar voru fram eftirfarandi spurningar:

- 1) Hverjar eru helstu áskoranir við kennslu og kennsluhætti í Hjúkrunarfræðideild?
- 2) Hvaða aðferðir hafa reynst kennurum Hjúkrunarfræðideildar vel við að efla nám nemenda og hverjar illa?
- 3) Hvaða áherslur í kennsluháttum ættu að felast í námsskrá í hjúkrunarfræði að mati kennara Hjúkrunarfræðideildar?



Tíðnidreifing mætingar einstaklinga eftir stöðu við Hjúkrunarfræðideild (n=22). Allir prófessorar í hjúkrunarfræði mættu í það minnsta einu sinni, 50% dósentar, 67% lektora, 88% aðjúnktar og allir verkefnastjórnarar.

Verkefnið var byggt á aðferðum verðleikagreiningar (e. appreciative inquiry analysis) í því markmiði að ná árangri en framkvæmdin fór fram í fjórum stigum. Í fyrsta lagi fór fram vel útfærð athugun eða greining (e. discovery) á núverandi kennsluháttum í Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Í öðru lagi var sett fram sýn á og færð rök fyrir þeim kennsluháttum sem væru æskilegir (e. dream). Í þriðja lagi áttu þátttakendur að setja fram í sameiningu áætlun um það sem best væri að gera, hvernig ætti að kenna (e. design). Í fjórða lagi munu svo þátttakendur prófa í sameiningu þær aðferðir sem taldar eru geta virkað (e. deliver/destiny) (Bushe, 2011; Cousin, 2009).

Alls tóku 22 starfsmenn þátt (sjá mynd). Niðurstöðurnar umræðna sýndu að kennarar og starfsfólk töldu helstu áskoranir í kennslu í deildinni vera stóra hópa nemenda, að erfitt væri að efla virkni þeirra, að ákveðin fastheldni í kennsluháttum væri til trafala, í hverju námskeiði sé fjöldi kennara vandamál, tæknileg mál, fjármál auk aðstöðu til verklegar kennslu. Þær aðferðir sem þátttakendur höfðu nýtt voru margvíslegar og endurspegluðu fjölbreytta kennsluhætti (sjá töflu). Lærdómur kennara af spjallfundum um kennslumál fól í sér að sjá nýjar lausnir við kennsluhætti, sérstaklega í stórum hópum, lausnir tengdar samskiptum við nemendur og þá sérstaklega til að efla virkni þeirra auk lausna um hvar ætti að sækja sér þekkingu vegna tæknimála.

Þetta verkefni gefur tilefni til að nýta víðtæk úrræði kennara í endurskoðaðri námskrá í hjúkrunarfræði og endurspeglu þannig fjölbreytta kennsluhætti. Einnig má telja að með því að skapa slíkt hvetjandi umhverfi og aðstæður til samræðu um kennsluhætti megi stuðla enn frekar að því að samræma og efla viðeigandi kennsluáferðir. Veturinn 2015-16 verður samræðum haldið áfram á hádegisverðarspjallfundum í deildinni en styrkur til verkefnisins hlaust úr Kennslumálasjóði HÍ við úthlutun vorið 2015.

Flokkur	Úrræði	Dæmi frá kennurum
Markvissar samræður nemenda	1-2-allir	<i>Bið nemendur að taka þátt í kennslunni s.s. með hugleiðingum og reynslusögum</i> <i>Nemendur segja frá lærdómsríkum námstækifærum í hópi annarra nemenda</i>
Verkefni	Lausnamiðuð tilfellinggreining Greining vanda Viðbótarlesefni Lestrardagbók	<i>Klínískar leiðbeiningar</i> <i>Ígrundandi dagbók í klíník</i>
Ábyrgð nemenda	Kynningar Kennsla Deila verkefnum Jafningjakennsla Jafningjamat	<i>Hef í minni hópum gert nemendur ákveðið ábyrga í jafningjakennslu</i> <i>Nemendur skipta niður kennslubók og kynna hana. (...) Hver nemandi býr til 3 spurningar úr sínum kafla</i>
Tækni	DVD myndir Ugla Socrative Vendikennsla	<i>Nemendur greina sögu skjólstæðinga á DVD</i> <i>Birta verkefni sín á Uglu fyrir próf</i>

Niðurstöður eigindlegar innihaldsgreiningar á svörum kennara í Hjúkrunarfræðideild við spurningunni: Hvað geri ég nú þegar í eigin kennslu og skipulagi til að efla virkni nemenda? (n=8)

Heimildir:

- Bushe, G. R. (2011). Appreciative inquiry: Theory and critique. Í Boje, D., Burnes, B. og Hassard, J. (ritstj.). *The Routledge Companion to Organizational Change*. Oxford: Routledge. Bls. 87-103.
- Cousin, G. (2009). *Researching learning in higher education. An introduction to contemporary methods and approaches*. New York: Routledge.
- Félagsvísindastofnun (2014). University of Iceland survey on student satisfaction. Faculty of Nursing. Second year undergraduates [skýrsla]. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Gibbs, G., Knapper, C. og Piccinin, S. (2008). Disciplinary and Contextually Appropriate Approaches to Leadership of Teaching in Research-Intensive Academic Departments in Higher Education. *Higher Education Quarterly*, 62(4). Bls. 416-436. doi: 10.1111/j.1468-2273.2008.00402.x
- Ho, A., Watkins, D., og Kelly, M. (2001). The conceptual change approach to improving teaching and learning: An evaluation of a Hong Kong staff development programme. *Higher Education*, 42. Bls. 143-169.
- Mårtensson, K., Roxå, T., og Olsson, T. (2011). Developing a quality culture through the Scholarship of Teaching and Learning. *Higher Education Research & Development*, 30(1). Bls. 51-62.
- Prosser, M. og Trigwell, K. (1999). Relational perspectives on higher education teaching and learning in the sciences. *Studies in Science Education* 33. Bls. 31-60.



UMSJÓNARKERFI Í ÞJÓÐFRÆÐI

Terry Gunnell, prófessor við Félags- og mannvísindadeild og námsbrautarstjóri í þjóðfræði

Svokallað „umsjónarkerfi“ var tekið upp í þjóðfræði (í Félags- og mannvísindadeild) árið 2005. Þá var mikil fjölgun nemenda. Kveikjan að verkefninu var þegar nemandi í annarri og stærri námsbraut kom til mín og bað mig um að skrifa meðmæli fyrir sig. Nemandanum fannst enginn kennari í sinni námsbraut þekkja sig nógu vel til að skrifa um sig meðmæli. Ég hafði kennt nemandanum í einum áfanga og honum fannst ég vera sá kennari sem vissi mest um hæfileika hans og væri best til þess fallinn að skrifa meðmælin.

Það að nemandi væri að ljúka námi í HÍ og hefði það á tilfinningunni að enginn kennari í hans námsbraut þekkti sig nógu vel til að skrifa um sig meðmæli er auðvitað sorglegt ástand. Sjálfur þekkti ég mjög vel umsjónarkerfið í Menntaskólanum við Hamrahlíð, þar sem ég kenndi í um 18 ár. Í MH er hver nemandi með umsjónarkennara sem hann þarf að hitta árlega til að ræða um námsval. Hann hefur aðgang að kennaranum hvenær sem er til að ræða um önnur vandamál sem upp koma varðandi námið. Ég hafði líka reynt frá breskum háskóla, University of Birmingham, þar sem hver nemandi fær „tutor“ eða mentor sem hann hittir vikulega á fyrsta ári í hópumræðutíma (svonefndum

„tutorials“). Þessir hópumræðutímar eru einingabærir. Mentor (tutor) nemandans fylgir honum í gegnum BA-námið. Ólíkt MH og Birmingham var ljóst, og er enn, að margir nemendur í HÍ tynast í kerfinu. Þetta á ekki síst við í stórum greinum. Við í þjóðfræði vildum koma í veg fyrir þetta og um leið skapa einingu.

Umsjónarkerfið sem við tókum upp og notum er byggt á áður nefndum kerfum frá MH og Bretlandi. Öllum nýnemum skipt jafnt á milli fastráðinna kennara; lektora, dósentna, prófessora og aðjúnkta áður en kennsla hefst á hverri önn. Einn kennari sér um fjarnema. Hóparnir eru kynntir á nýnemakynningum og kynningarnar teknar upp fyrir þá nemendur sem ekki geta mætt. Námsbrautarstjóri tekur upp sérstaka kynningu um fjarnám og fyrirkomulag þess sem er aðgengileg á vefsíðum námskeiða. Í kynningunum er farið yfir fyrirkomulagið, sagt frá hvar finna má kennara og námsbrautastjóra, viðtalstímar auglýstir og nemandur hvattur til að hitta umsjónarkennara sinn sem fyrst í viðtalstíma á önninni.

Kennarar skipuleggja sérfundir fyrir hvern og einn nemanda þar sem hann kemur á skrifstofu síns umsjónarkennara og

þeir fara yfir málin. Þar gefst tækifæri fyrir nemanda að spyrjast fyrir um námið í námsbrautinni og hann skrifar undir samning þar sem umsjónarkennari fær leyfi til þess að fylgjast með námsframvindu hans. Um leið fær kennarinn upplýsingar um bakgrunn, áhugamál og áherslur nemandans í námi, framtíðarsýn hans og aðrar viðeigandi upplýsingar, t.d. varðandi námserfiðleika, sérúrræði og lestrarerfiðleika.

Nemendur eru hvattir til að hitta umsjónarkennara sinn a.m.k. einu sinni á ári til að ræða um námsframvindu og vandamál í námi ef slíkt hefur komið upp. Mælt er til þess að kennarar skipuleggi sérfundu árlega með öllum umsjónarnemendum til að fylgjast með einkunnum þeirra og hvort þeir hafi hætt eða skipt um nám. Leiðsögn og upplýsingar um þessa fundi fást á skrifstofu brautarinnar.

Ef nemandi hefur áform um að fara í skiptinám er gert ráð fyrir að hann ræði það við umsjónarkennara sinn sem samþykkir námsval erlendis og fylgist með námsdvöl hans. Einnig eru nemendur sem eru að undirbúa skrif BA-ritgerðar hvattir til að hitta umsjónarkennara sinn til að ræða um efnið og val á leiðbeinenda áður en síðasta árið og svokallað „smíðaverkstæði BA-ritgerðar“ hefst.

Ef upp koma vandamál í kennslu og nemandinn vill koma á framfæri kvörtun vegna kennara eða námsins er hann hvattur til að ræða fyrst við viðeigandi kennara, og því næst við umsjónarkennarann ef það ber ekki árangur, áður en hann hefur samband við nemendafulltrúa og/eða námsbrautarstjóra með formlegri kvörtun. Þessar boðleiðir eru kynntar á kynningum í upphafi námsins.

Kerfið sem við höfum tekið upp er ekki fullkomið. Það kemur ekki í veg fyrir að nemendur hverfi úr námi og ljóst er að sumir nemendur sem skipta um námsbrautir á miðri önn hafa ekki fengið umsjónarkennara. Sumir nemendur mæta aldrei á fund, hlusta ekki á upptökur og lesa ekki tölvupóstinn sinn. Verið er að vinna að lausn þessara mála og tilfinning okkar er sú að kerfið hafi gengið vel í þjóðfræði þessi ár sem það hefur verið virkt. Aðalatriðið er að nemendur í þjóðfræði eiga fulltrúa í kennarahópnum sem fylgir þeim í gegnum námið og hefur viðeigandi upplýsingar um þá. Flestir kennarar eru með um 25 umsjónarnemendur á sinni könnu og því oft erfitt að muna öll nöfnin, ekki síst vegna þess að umsjónarkennarinn hefur ekki kennt öllum nemendum í námskeiði. Vonandi kemur það þó aldrei fyrir að umsjónarnemendur okkar þurfi að biðja kennara úr annarri námsbraut að skrifa meðmæli um þá. Þeir ættu ekki að tynast í kerfinu.

Kennslunefnd Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Hjálmtyr Hafsteinsson, dósent við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Kennslunefnd VoN veturinn 2014-15 skipuðu Hjálmtyr Hafsteinsson (IVT) formaður, Hreggviður Norðdahl (JVD), Katrín Anna Lund (LUD), Kristinn Andersen (RTV), Einar Örn Sveinbjörnsson (RVD) og Guðmundur Freyr Úlfarsson (UB). Nemendafulltrúar voru Laufey Rún Þorsteinsdóttir (grunnemar) og Elísabet Pálmadóttir (framhaldsnemar). Starfsmaður



Hjálmtyr Hafsteinsson

nefndarinnar var eins og áður Guðrún Helga Agnarsdóttir kennslustjóri VoN og ritari Sigdís Ágústsdóttir.

Starf nefndarinnar var í nokkuð hefðbundnum skorðum. Fundir voru haldnir á þriggja vikna fresti og þar voru tekin fyrir þau mál sem efst voru á baugi, auk erinda sem nefndinni bárust frá stjórn sviðsins, deildum þess og jafnvel frá einstökum kennurum.

Kennslunefndin stóð að skipulagningu nokkurra atburða á tímabilinu. Haldið var námskeið í kennslufræði fyrir dæmatímakennara. Námskeiðið var í byrjun september og var þetta í þriðja sinn sem það er haldið. Kennari námskeiðsins var Guðrún Geirsdóttir, deildarstjóri Kennslumiðstöðvar. Flestir dæmatímakennarar sviðsins eru eldri BS nemendur eða meistaranemar og oft er þetta frumraun þeirra í kennarahlutverkinu. Það er því mjög mikilvægt að þeir fái fræðslu um ýmislegt sem tengist námi og kennslu. Um 30 nemendur tóku þátt í námskeiðinu í þetta sinn og var almenn ánægja með framkvæmd þess.

Þann 7. nóvember 2014 var haldið Kennsluþing Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs. Yfirskrift þess var „Mikilvægi stærðfræðinnar“ Til þingsins var sérstaklega boðið námsbrautarstjórum og námsráðgjöfum framhaldsskólanna auk kennara og nemenda sviðsins. Þátttakan var mjög góð. Um 60 kennarar og stjórnendur úr framhaldsskólum komu á þingið og heildarfjöldinn var vel á annað hundrað. Flutt voru nokkur erindi og síðan skipt í umræðuhópa, sem tóku fyrir tiltekin málefni sem tengdust stærðfræðikennslu og undirbúningi nemenda í stærðfræði.

Í desember haldið sviðsþing Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs og þar tóku nefndir sviðsins virkan þátt. Kennslunefnd hélt opinn fund með þingfulltrúum og þar bar margt á góma. Má þar nefna aðgangspróf, aðgang nemenda að gömlum prófum, aðgang stjórnenda að niðurstöðum miðmísserískennslukönnunar og reglur um fjölvalspróf. Nefndin fékk á fundinum mikið af góðum ábendingum og voru þessi atriði rædd frekar á síðari fundum.

KENNSLUMÁLÞING 2015 - NÁMSMAT OG ENDURGJÖF

Eyrún Fríða Árnadóttir, nemandi við Uppeldis- og menntunarfræðideild og fulltrúi í náms- og kennslunefnd SHÍ

Árlega heldur kennslusvið, í samstarfi við Stúdentaráð, Kennslumiðstöð, gæðanefnd og kennslumálanefnd skólans, Kennslumálaþing. Þingið fjallar um einhvern þátt náms og kennslu og í ár urðu námsmat og endurgjöf fyrir valinu. Námsmat og endurgjöf er sá þáttur sem nemendur við Háskóla Íslands eru hvað síst ánægðir með í námi sínu en miðað við niðurstöður Félagsvísindastofnunar HÍ er hlutfallið í kringum 60%.

Þingið í ár var vel sótt og mættu um 120 nemendur, kennarar og annað starfsfólk. Í upphafi þings flutti Börkur Hansen, formaður kennslumálanefndar, erindi um stöðu námsmats innan skólans og sýndi sú kynning að skrifleg lokapróf eru stór hluti námsmats við skólann. Einnig sýndi hann gestum hversu lítið skólinn nýtir einkunnaskalann, en þrátt fyrir að hann nái frá 0 og upp í 10 er dreifingin að mestu leyti á bilinu 6 til 9. Sjá má að algengasta einkunnin á öllum sviðum skólans er 8.0.

Næst tók Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, frá Félagsvísinda stofnun HÍ, til máls. Hún fræddi þingið um fyrrnefnda könnun stofnunarinnar og niðurstöður hennar. Eins og áður kom fram er ánægja nemenda með námsmat og endurgjöf aðeins í kringum 60% á meðan ánægja með aðra þætti sem

nemendur og skóla. Nú síðast kynnti NUS viðmiðunarskjal sem sent var út til allra nemendafélaga landsins. Það skjal tiltekur tíu atriði sem einkenna gott námsmat og endurgjöf en einnig þrepaskipta vinnuáætlun sem miðar að því að allir skólar, nemendur og starfsmenn geti nýtt sér skjalið til að áætla stöðu sína og vinna að bættum árangri. Þetta skjal kynnti Kate ítarlega á þinginu ásamt því að útskýra vel hvert lykilatriði fyrir sig og mikilvægi þess.



Eyrún Fríða Árnadóttir

Tvisvar í dagskránni voru spiluð myndbandsinnlegg frá nemendum. Myndböndin sýndu viðhorf fjölda nemenda þar sem þeir svöruðu spurningum líkt og „hvað er endurgjöf?“ „hvað þykir þér mikilvægast í endurgjöf?“ og „hvernig myndir þú vilja sjá endurgjöf háttað í þínu námi?“ Svör nemenda staðfestu fyrrnefndar niðurstöður, frá Félagsvísindastofnun og frá NUS. Nemendur vilja sjá

„Nemendur virðast almennt vera sammála um að fjölbreytt námsmat og leiðbeinandi endurgjöf mættu fá meira vægi innan skólans“

könnunin nær til er á bilinu 70-85%. Þættir sem sérstaklega þóttu þurfa endurskoðunar við voru t. d. skortur á ítarlegri umsögn og leiðbeinandi þættir endurgjafarinnar. Nemendur virðast almennt vera sammála um að fjölbreytt námsmat og leiðbeinandi endurgjöf mættu fá meira vægi innan skólans.

Aðalerindi þingsins var flutt af Kate Little, starfsmanni National Union of Students á Bretlandseyjum (NUS). Erindi hennar snerist að mestu leyti um lykilatriði góðs námsmats og endurgjafar. NUS hefur í þónokkur ár unnið ötullega að þeim málaflokki og sett saman fræðslufni fyrir

leiðbeinandi endurgjöf sem gefur þeim tækifæri til þess að verða betri.

Að lokum fengu gestir tækifæri til að ræða saman um efni kennslumálaþings. Haldnar voru fjórar málstofur sem tóku fyrir ólíkar hliðar þingsins. Rætt var um hvernig bæta mætti prófagerð, tengsl hæfniviðmiða við námsmat, gæði og mikilvægi endurgjafar og loks hvers konar námsmat hæfði best háskólanámi. Umræðurnar urðu líflegar og áhugaverðar og þótti tíminn jafnvel of knappur til þess að ræða málin í þau.

HVAÐ ER FINNSKA MÓDELIÐ?

Guðrún Geirsdóttir, dósent á Menntavísindasviði og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands

Undanfarin ár höfum við í Kennslumiðstöð velt því mikið fyrir okkur hvernig styðja megi sem best við kennsluþróun á fræðasviðum Háskólans. Þó við teljum okkur fær í flestan sjó er nokkuð ljóst að starfsfólk Kennslumiðstöðvar mun aldrei ná að sinna eða styðja við allar þær fjölmörgu kennslufræðilegu áskoranir og verkefni sem unnið er að á fræðasviðum. Ef vel á að vera þarf þróun kennsluhátta að taka mið af ólíkum aðstæðum og kennsluháttum hvers fræðasviðs og um leið þurfa deildir og fræðasvið að axla ábyrgð á eigin kennsluþróun. Einnig má benda á að háskólar víða um heim leggja mikla áherslu á rannsóknartengda kennsluþróun, þ.e. að þróun kennsluhátta sé byggð á rannsóknum (e. evidence-based) og að slíkar rannsóknir séu eðlilegur þáttur í starfsháttum deilda og fræðasviða.

Það var því spennandi að kynnast því hvernig Háskólinn í Helsinki vinnur markvisst og faglega að þróun kennsluhátta. Höfum við valið að kalla það *finnska módelið*. Við Helsinkiháskólann er skipulag og umsjón kennsluþróunar annars vegar í höndum miðlægrar kennslumiðstöðvar (*Centre for research and development of higher education*) sem gegnir svipuðu hlutverki og Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og hins vegar á könnu samstarfsnets háskólakennara í háskólakennslufræði (*The network of senior lecturers in university pedagogy*). Frá 1998 hafa 16 stöður háskólakennara í háskólakennslufræði verið skilgreindar innan Helsinkiháskólans og hefur hvert og eitt fræðasvið á að skipa slíkum kennara eða kennurum sem jafnframt starfa í samstarfsneti annarra kennara í háskólakennslufræði og með miðlægrri kennslumiðstöð. Þessar stöður er fjármagnaðar af sameiginlegu fé háskólans. Háskólakennararnir hafa ýmist fagþekkingu á sínu fræðasviði og kennslufræðilega menntun að auki eða eru kennslufræðingar sem hafa sérhæft sig í kennslufræði þeirra greina sem kenndar eru á fræðasviðinu.

Hlutverk háskólakennara í kennsluþróun eru margvísleg og taka mið af sérstöðu þeirra fræðasviða sem þeir starfa á en sameiginlegt hlutverk þeirra, óháð fræðasviðum, er að stuðla að fræðasviðsbundinni þróun kennsluhátta og rannsóknum þeim tengdum; að hafa umsjón með fræðslu og námi á sviði háskólakennslufræði í samstarfi við miðlæga kennslumiðstöð; taka þátt í samstarfsneti háskólakennara í kennsluþróun og sinna almennri ráðgjöf um kennslu innan háskólans. Frekari lýsingar á störfum háskólakennara í háskólakennslufræði er

að finna í bæklingnum sem vísað er til hér fyrir neðan.

Háskólakennarar í háskólakennslufræði eru akademískir starfsmenn og sinna rannsóknum tengdum kennslu sem hluta af sinni starfsskyldu. Rannsóknarverkefni þeirra mótast af þörfum og sérstöðu fræðasviða og snúa t.d. að námsgengi fyrsta árs nemenda, gæðum leiðsagnar í framhaldsnámi, aðstæðum háskólakennara og námskrá háskólagreina. Kennsla háskólakennara í háskólakennslufræði getur falist í kennslu á námskeiðum fyrir háskólakennara um viðfangsefni kennslu, námskeiðum fyrir stundakennara og aðstoðarkennara og jafnvel í sértækum námskeiðum fyrir nemendur.



Guðrún Geirsdóttir

Finnska módelið var kynnt forráðamönnum Háskóla Íslands í byrjun árs og hefur í kjölfarið fengið nokkra umfjöllun innan Háskólans, s.s. í kennslumálanefnd, gæðanefnd, á fundum fræðasviðsforseta og einstakra kennslunefnda. Verkfræði- og náttúruvísindasvið reið á vaðið og hefur nú ráðið akademískan starfsmann í hlutastarf við að sinna kennsluþróun á fræðasviðinu og Heilbrigðisvísindasvið auglýsti eftir slíkum starfsmanni í sumar.

Það er trú okkar að skipun háskólakennara í kennsluþróun á öllum fræðasviðum muni styðja og styrkja við þróun kennsluhátta og rannsókna á kennsluháttum og gera Háskóla Íslands betur kleift að vinna að öllum þeim þörfu kennslutengdu umbótaverkefnum sem skólinn hefur m.a. sett fram í nýlegri sjálfsmatsskýrslu sinni.

Heimildir:

Háskóli Íslands (2014). Reflective analysis. Reykjavík: Höfundur.

Toom, A., Vaattovaara, J. og Myyry, L. (ritstjórar). (2013). *The network of Senior Lecturers in University Pedagogy. A resource for the development of instruction and learning at the University of Helsinki*. Háskólinn í Helsinki. Sótt af: http://www.helsinki.fi/julkaisut/aineisto/hallinnon_julkaisuja_86_2013.pdf

KENNSLUVETTVAANGUR STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILDAR

Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við Stjórn málafræðideild

Vorið 2014 hlaut Stjórn málafræðideild styrk úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands til að vinna að eflingu kennslumenningar við deildina í gegnum reglulega samráðsfundi og fræðslu í formi deildarbundinnar fagþróunar. Verkefnið byggði á langvarandi starfi við deildina til að bæta móttöku nemenda og hækka endurkomuhlutfall, en mikilvægur þáttur í því starfi er að sinna þjálfun kennara. Kennarar við deildina hafa verið duglegir að sækja námskeið hjá Kennslumiðstöð, en þótt slík símenntun sé gagnleg þá hafa rannsóknir bent til að samráð um kennslu innan deilda sé gjarnan vanmetið. Minni tengslanet innan deilda eru einnig talin skipta miklu máli og deildarbundin kennsluþróun gefur kennurum tækifæri til að nýta tíma sinn sem best og taka á málum sem eru aðkallandi innan hverrar deildar.

Alls voru haldnir sjö fundir á skólaárinu 2014–2015. Fastir kennarar og stundakennarar tóku þátt, og stundakennurum var greitt fyrir þátttöku ef þeir sóttu tiltekinn fjölda funda. Viðfangsefnin voru fjölbreytt, en flestir fundirnir voru haldnir á föstum fundartímum deildar, og þá boðið upp á hádegismat. Kennarar innan deildar og utanaðkomandi sérfræðingar opnuðu umræður eftir því hvaða viðfangsefni var til umræðu.

Á fyrsta fundi var farið yfir þá matskvarða sem eru notaðir við deildina, hugmyndafræðin á bak við þá var rædd og kennarar sýndu ýmis þau tól og tæki sem þeir nota til að auðvelda sér verkefnaskil og einkunnagjöf. Í kjölfarið var sett upp Uglusvæði þar sem kennarar geta sett inn og sótt slík tæki til að nota í sínum námskeiðum. Á öðrum fundi var rætt um fjarkennslu og ólíkar aðferðir við hana, m.a. hvernig hægt væri

Kennsluráð á Menntavísindasviði – helstu verkefni

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor Menntavísindasviði

Kennslunefnd á Menntavísindasviði heitir kennsluráð. Helstu verkefni ráðsins hafa að undanförunni verið þessi:

Efling fjarkennslu

Margt bendir til þess að fjarnám á sviðinu hafi verið að veikjast. Kennarar hafa staðið frammi fyrir því að það vinnutímamagn sem veitt hefur verið til námskeiða hefur verið skorið mikið niður (allt að tæp 50%) og virðist það m.a. hafa bitnað á fjarnáminu. Áður voru sérstök námskeið fyrir fjarnema en fyrir nokkru var, m.a. í hagræðingarskyni, ákveðið að fella saman fjar- og staðnámskeið. Mat kennsluráðs er að þessi tilhögun sé óheppileg og að gera verði kennurum kleift að sinna bæði stað- og fjarnemum sérstaklega. Námskeið, þar sem stað- og fjarnemar eru saman, kalla alltaf á meiri vinnu en þegar aðeins um staðnema eða fjarnema er að ræða.

Í tengslum við leiðir til að efla fjarnám beitti kennsluráð sér fyrir því, með tilstuðlan Reiknistofnunar, að kennarar, og raunar allt starfsfólk og nemendur, fengu aðgang að fjarfundaumhverfinu AdobeConnect og hafa margir kennarar verið að þreifa sig áfram með það. Þetta umhverfi er gjarnan nefnt vefkennslustofa. Hróbjartur Árnason lektor hefur leitt þetta starf og hefur haldið fjölda námskeiða og vinnufunda um þetta umhverfi. Þá hefur hann sett upp leiðbeiningar á vef sem öllum er opinn (sjá á þessari slóð: <https://menntasmidja.hi.is/adobe-connect/>).

Í stefnu Háskóla Íslands 2010–2016 er kveðið á um að skólinn skuli móta sér stefnu um nýtingu upplýsingatækni og fjarkennslu fyrir árslok 2011, m.a. til að greiða fyrir samstarfi við innlenda og erlenda háskóla. Í stefnunni er einnig kveðið á um að fjarkennsla verði eflað í völdum greinum. Þessari stefnumörkun hefur ekki verið sinnt, sem er mjög til boga fyrir alla þróun fjarkennslu við skólann.



Ingvar Sigurgeirsson

Gæðamat á kennslu

Á Menntavísindasviði hefur áhersla verið lögð á að reyna að nýta betur þær kennslukannanir sem reglulega eru gerðar í Háskólanum. Svörun hefur til skamms tíma verið lítil, en nú hefur, með samstilltu átaki kennara og nemenda, tekist að bæta hana til muna. Þá hafa kennarar verið hvattir til þess að ræða niðurstöður kennslukannana við nemendur og gera þeim grein fyrir því hvernig niðurstöður þeirra eru nýttar.

Kennslukannanir hafa verið talsvert umdeildar meðal kennara á sviðinu, einkum vegna nafnleysis. Skoðun kennsluráðs er að ófullnægjandi sé að byggja kennslumat aðeins á einni aðferð og hefur ráðið gert tillögur um að matsfundir með nemendum verði fastur liður í gæðamati á öllum



Silja Bára Ómarsdóttir

að nota Adobe Connect til að auka virkni nemenda. Kennarar deildu reynslu sinni af því að kenna fjarnemum, hugmyndum um hvernig auka mætti þátttöku og hverjir helstu kostir og gallar ólíkra aðferða við fjarkennslu væru. Á þriðja og síðasta fundi haustmíssis var hlutverk leiðbeinenda í BA- og MA-ritgerðum tekið fyrir.

Um haustið var einnig haldin vinnustofa um notkun raundæma í kennslu. Kennarinn var prófessor í alþjóðastjórnsmálum frá Bandaríkjunum, sem einnig er sérfræðingur í þeirri kennsluáæfing og höfundur bóka um hana. Þessi vinnustofa var vel sótt, bæði fastir kennarar og

stundakennarar mættu og voru leiðdir í gegnum hagnýta kennslu, þar sem farið var í gegnum raundæmi og staldrað við til að ræða viðbrögð kennara og leiðir til að auka virkni nemenda í skólastofunni.

Á fjórða fundi, þeim fyrsta á vormíssi, kom sérfræðingur af Kennslumiðstöð og ræddi um tengsl kennsluáæfinga, námsmats og hæfniviðmiða. Fimmti fundurinn snerist svo um kennslukannanir, gagnsemi þeirra og vandamál tengd t.d. kynjamun, en hann hefur verið mikið til umræðu erlendis og farið er að örla á henni hér á landi. Á lokafundinum var fjallað um kennsluáætlanir sem lifandi skjal, og hvernig mætti nota þær til að stuðla að betra námi. Í kjölfarið fór fram óformlegt mat á verkefninu, þar sem þátttakendur voru beðnir um að gefa til kynna hvort áhugi væri á framhaldi á næsta skólaári. Viðbrögð deildarfólks voru mjög jákvæð, fram kom að verkefnið hefði reynst vel bæði til að auka samræmi milli kennara og námskeiða, og að þetta skapaði vettvang fyrir opna umræðu um nám og kennslu. Þá var það mat þátttakenda að deildin gæti styrkt sig enn frekar með áframhaldi á verkefninu. Það varð því úr að á komandi vetri verður sama verklag viðhaft og kennari við deildina tekur að sér að halda utan um skipulag fundu.

námsbrautum. Þessar tillögur má finna á þessari slóð: <http://www.hi.is/sites/default/files/kmart/matsfundir.pdf>

Fyrirkomulag námskeiða / námskeiðsform

Mat kennsluráðs er að á Menntavísindasviði sé of langt gengið varðandi heimildir kennara til að haga námskeiðum, nánast að eigin geðþótta. Nemendur innrita sig á námsbrautir eða námskeið án nokkurrar vissu um fyrirkomulag. Hér má nefna framsetningu kennsluáætla, fjölda og fyrirkomulag kennslustunda, námsmat, aðgang að kennurum, aðgang að upptökum eða samskipti á Neti, svo fátt eitt sé talið. Gott dæmi er að nemandi sem innritar sig á lesnámskeið getur hvort heldur sem er lent á námskeiði þar sem kennarar og nemendur hittast vikulega, eða aðeins einu sinni á mísserinu. Kennsluráð hefur lagt áherslu á að mótaðir verði ákveðnir rammar sem kennarar verði að laga sig að, með öðrum orðum: Að sviðið marki ákveðnari stefnu um fyrirkomulag námskeiða.

Sniðmát fyrir kennsluáætlanir

Ábendingar nemenda um ólíka tilhögun námskeiða urðu til þess að kennsluráð skoðaði allar kennsluáætlanir á tilteknu míssi til að glöggva sig betur á þessu. Mikið ósamræmi kom í ljós og var ákveðið að taka saman leiðbeiningar um gerð kennsluáætla í formi sniðmats sem styðjast mætti við. Mátið er að finna á þessari slóð: http://www.hi.is/sites/default/files/kmart/snidmat_fyrir_kennsluaaetlanir_oktober_2014.pdf

Kennsluráð lagði einnig til að kennurum yrði gert að birta allar

kennsluáætlanir á opnum vef, t.d. í tengslum við kennsluskrá, en sú hugmynd fékk ekki brautargengi.

Kennlustjóri og kennsluþróunarstjóri

Kennsluráð hefur ályktað um að æskilegt sé að ráða að sviðinu sérstakan kennsluþróunarstjóra sem meðal annars hafi eflingu fjarkennslu sem eitt af meginviðfangsefnum sínum. Þá hefur ráðið bent á að á sviðinu starfar enginn kennlustjóri, sem er til бага. Það er raunar með ólíkindum að þessi tilhögun skuli ekki samræmd milli sviða.

Samhæfing á tækniþjónustu

Oft þarf að leita til margra ólíkra aðila ef aðstoð vantar vegna tækni- eða tölumála. Stundum er óljóst hvort leita á til umsjónarmanna fasteigna, Reiknistofnunar, Kennslumiðstöðvar eða starfsmanna sviðsins. Kennsluráð hefur ályktað um að þessa þjónustu þurfi að samhæfa betur.

Önnur mál

Meðal annara mála sem kennsluráð hefur fjallað um má nefna könnun á óskum kennara varðandi úrbætur á kennsluhúsnæði, tillögur um að sviðið bjóði óhefðbundið nám í listmenntum, verkgreinum og tölvu- og upplýsingatækni fyrir varðandi leik- og grunnskólakennara, tómsundafræðinga og þroskaþjálfara. Þá hefur ráðið gengist fyrir hádegisfundum um ýmis kennslufræðileg efni. Sjá má nánar um starf ráðsins á þessari slóð: <http://www.hi.is/menntavissindasvid/kennslurad>



Hafdís Guðjónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir og Svanborg Rannveig Jónsdóttir, umsjónamenn verkefnissins.

Hópleiðsögn í meistaraverkefni

Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið

Fyrir þremur árum ákváðum við þrír kennarar á Menntavísindasviði; Hafdís Guðjónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir og Svanborg Rannveig Jónsdóttir, að sameinast um hópleiðsögn meistaranema.

Nemendur vinna að lokaverkefnum sem eru ýmist rannsóknir eða námsefnisgerð, en margir þeirra upplifa rannsóknarferlið og skrifin sem mikla áskorun. Þess vegna var megingilgangur okkar með samvinnunni að skapa námssamfélag meistaranema og okkar leiðbeinenda, styðja við nemendur og styrkja hver aðra í leiðsögn okkar.

Hópurinn fundar á þriggja vikna fresti frá ágústmánuði og þar til í júní árið eftir, tvo klukkutíma í senn. Á fundunum er lögð áhersla á að styðja við rannsóknar- og ritunarferli nemenda þar sem leiðbeinendur ásamt nemendum veita stuðning, leiðbeina og bregðast við. Fundirnir eru skipulagðir þannig að við leiðbeinendurnir hefjum fundinn með því að rifja upp eða fara yfir ákveðið efni, nemendur vinna síðan einstaklingslega, í pörum eða litlum hópum. Tími er gefinn í samverustund þar sem boðið er upp á kaffi og meðlæti og skiptast nemendur á að skipuleggja það. Flestir nemendur mæta á staðinn en þó eru alltaf tveir til fjórir á netinu.

Á fundunum höfum við tekið fyrir gerð rannsóknaráætlaana og vinna nemendur ýmist að þeim á vorönn eða í upphafi haustanna. Við leggjum áherslu á að nemendur geri sér góða grein fyrir tilgangi rannsóknar, afmarki verkefnið og setji sér skýran fókus. Við höfum þurft að vinna vel með

rannsóknaraðferðir því þó nemendur hafi tekið námskeið í aðferðafræði þá vantar þá alla reynslu við gagnaöflun og úrvinnslu gagna og eru oft undrandi á því hve mikil vinna snýr að þessum þætti verkefnis. Það hefur komið sér vel við þetta ferli að við erum þrjár ólíkar rannsóknarkonur og höfum við getað kynnt mismunandi nálganir við rannsóknarvinnuna. Á fundunum skiptast nemendur á reynslusögum, og á amboðum sem þeir nota við gagnaöflun og greiningu gagna eins og drögum að leyfisbréfum, viðtalsspurningum og vettvangsrömmum. Einnig prófa þeir amboðin hver á öðrum.

Ritunarferlið er flestum mikil áskorun, að þurfa að endurskrifa aftur og aftur, að stytta og bæta virðist oft á tíðum endalaus vinna. En sameiginleg hópleiðsögn meistaranema býður upp á öðruvísi möguleika en einstaklingsleiðsögn, sú einangrun sem oft verður í lokaverkefnisvinnunni er rofin, nemendur bæði þiggja og veita stuðning ásamt því að leiðbeina hver öðrum. Þeir lesa upp textann sinn, lesa yfir hver hjá öðrum og fá viðbrögð. Smátt og smátt ná þeir tökum á því að veita uppbyggjandi leiðsögn. Í þessu ferli kemur reyndar í ljós að við erum að leiðbeina kennurum eða kennaranemum og þeim er svo edlilegt að taka að sér leiðsögn eða kennslu.

Við byggjum skilning okkar á samstarfinu og vinnunni með nemendum á hugmyndum Korthagens og Kessel (1999) um „raunhæfa nálgun“ (e. realistic approach) í menntun kennara en þeir telja nauðsynlegt að snúa hefðbundinni nálgun í kennaramenntun „á hvolf“. Það þýðir að í stað áherslu á ferlið

fræðin fyrst – eigin reynslu svo, snúist hún við og námið verði um að skoða reynslu nemenda fyrst – og tengja svo við fræðin. Hjá okkur felst þetta í að búa til námssamfélag meistaranema sem byrjar á því að beina athyglinni að reynslu nemenda og spurningum þeirra og því sem þeir koma með úr námi sínu. Tilgangurinn er að hjálpa þeim að átta sig á þeim auðlindum sem þeir búa yfir með því að spila saman reynslu sína og fræðilegar kenningar. Auk hugmynda Korthagens og Kessels (1999) um tengsl fræða og kennarastarfsins og Korthagens (2011) um kjarnaígrundun byggjum við á hugmyndum Lave og Wenger (1991) um námssamfélög.

Til að átta okkur á auðlindum nemenda og stöðu í verkefninu þá lýkur hverjum fundi á því að nemendur skrifa okkur skilaboð um stöðuna. Við köllum skráninguna MÚS sem er skammstöfun fyrir miði úr kennslustund. Nemendur skrifa okkur (nafnlaus) skilaboð um hvernig fundurinn nýttist þeim, um það sem þeir lærðu eða það sem þeir ætla að taka með sér og nýta sér í vinnunni við meistara verkefnið. Þeir skrá einnig óskir um það sem þeir vilja að við tökum fyrir á næsta fundi og hvernig þeir vilja að við skipuleggjum þá, t.d. vilja þeir meiri tíma til að ræða saman í hópum, vinna einstaklingslega eða í öllum hópnum. Þessar óskir hafa síðan áhrif á það hvernig við skipuleggjum næsta fund.

Til að skilja betur ferli nemenda í meistara verkefninu og hvernig við unnum úr áskorunum í leiðsögninni nýttum við aðferðafræði starfstengdrar sjálfsrýni (e. Self-study of education practices) við að rannsaka vinnu okkar með nemendum. Með því að beita stöðugt faglegri sjálfsrýni höfum við náð að greina þann ávinning sem sameiginleg leiðsögn hefur skapað. Við höfum séð hvernig til hefur orðið rými í samstarfi okkar til að byggja á þeim auðlindum sem við komum með hver um sig, hvernig traust hefur þróast og sameiginleg geta okkar til að leiðbeina meistaranemum hefur aukist.

Fundirnir hafa stutt við nemendur er þeir vinna við meistara verkefnið sín, þeir hafa fengið stuðning frá hver öðrum um leið og þeir styðja hvern annan, vináttubönd hafa myndast og nemendur hafa síður fundið fyrir einmanaleika.

Heimildir:

- Korthagen, F. & Kessel, J. (1999). Linking theory and practice: Changing the pedagogy of teacher education. *Educational Researcher*, 28(4), 4–17.
- Korthagen, F. (2011). Making teacher education relevant for practice: The pedagogy of realistic teacher education. *Orbis Scholae*, 5(2), 31–50.
- Lave, J., & Wenger, E. (1991). *Situated learning: Legitimate peripheral participation*. Cambridge: Cambridge University Press.



Mat nemenda:

Alltaf þegar ég var að hætta við að skrifa ritgerðina þá mætti ég á fund vegna þess að ég fann það innst inni að mig langaði til að halda áfram. Fundirnir hjálpuðu mér að finna það jákvæða við vinnuna. Þeir voru metnaðarfullir, hvetjandi og oft skemmtilegir.

Fundirnir í SvaKaHaf voru faglegir, frumlegir, fjölbreyttir og skemmtilegir. Leiðbeinendur voru algjörlega óþreypandi við að finna nýjar og skapandi leiðir til nálgunar á viðfangsefnum, hvetja nemendur til dáða, örva forvitni þeirra, þekkingarleit, kafa dýpra í viðfangsefnið, aðstoða við erfiðar glímur, veita sálarstuðning og hvatningu á ótal vegu ásamt léttu sparki í rassinn þegar við átti. Hið faglega var alltaf í fyrirrúmi.

Ég veit ekki hvernig nemendur fara að því að skrifa meistara ritgerð ef þeir tilheyra ekki svona hóp. Út frá þessum hópi tengdist ég minni hóp (sumarlærdómshóp) sem varð mjög mikilvægur stuðningur í sumar (án þess hefði þetta ekki orðið að raunveruleika). Takk fyrir frábært samstarf.

SvaKaHafs hópurinn veitti mikið aðhald, að hitta aðra í sömu sporum, utanumhald og fagleg vinnubrögð. Sumarhópurinn varð til úr þessum SvaKaHafs hóp sem hjálpaði mér enn frekar og veitti enn meiri stuðning. Þú finnur einhvern sem skilur þig og veit í hvaða sporum þú stendur.

Það að fá tækifæri til að hitta aðra nemendur sem eru í sömu sporum, miðla á milli hvernig gengur og af hverju ekkert gengur er mikilvægt á rannsóknarferlinu. Það veitir ákveðið aðhald að hitta bæði kennara og aðra nemendur á ferlinu. Án þessa hóps hefði ég verið ein í mínu horni með vangaveltur mínar og líklega aldrei náð að klára.

Góður stuðningur og aðhald sem heldur manni við efnið. Það kom sér vel að hitta aðra í sömu sporum og sem voru með nákvæmlega sömu spurningarnar og maður hafði sjálfur. Auðveldaði manni að afla sér upplýsinga (t.d. gegnum Facebook).

Náms- og kennslumálanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Tryggvi Másson, viðskiptafræðinemi og hagsmuna- og lánasjóðsfulltrúi SHÍ

Kennslumál hafa ávallt verið ofarlega á baugi þegar líður að kosningum til Stúdentaráðs vor hvert. Frambjóðendur leggja höfuðið í bleyti um hvornig Stúdentaráð geti barist fyrir betri kennslu, fjölbreyttari kennsluháttum og námsmati. Hugmyndir stúdenta í þessum málum takmarkast þó því miður af því nærumhverfi sem þeir þekkja og er það ekki fyrr en nemendur mismunandi deilda og sviða fara að ræða saman að hugmyndirnar kvikna. Sumir hlutir sem teljast sjálfsagðir á einu sviði eru fjarlægur draumur annars staðar. Þessi munur milli sviða, deilda og jafnvel kennara er sláandi, og sýnir og sannar mikilvægi Stúdentaráðs. Hlutverk Stúdentaráðs er að berjast fyrir bættem hag nemenda Háskóla Íslands, en ef Stúdentaráð veit ekki hverju má breyta og hvað má bæta glatar það tilgangi sínum. Það er ekki fyrr en nemendur koma á framfæri sínum óskum, athugasemdum og hrósi að Stúdentaráð getur beitt þrýstiafli sínu til þess að knýja fram breytingar til hins betra.

Til þess að nemendur geti barist fyrir bættem háskóla þurfa þeir að hafa vettvang til þess. Vettvangur nemenda


í málefnum er varða kennslumál eru einkum tveir. Kennslunefndir sviðanna samanstanda af fulltrúa hvernar deildar ásamt fulltrúa nemenda. Formenn þessa nefnda sitja í kennslumálanefnd Háskóla Íslands ásamt öðrum fulltrúa nemenda. Þetta fyrirkomulag er þannig uppbyggt að kennslunefndir sviðanna eru aðeins ráðgefandi gagnvart kennslumálanefnd Háskólans. Það þýðir að engar bindandi ákvarðanir eru teknar innan kennslunefnda sviðanna í málefnum tengdum kennslu. Formenn kennslunefndanna geta aðeins beitt sér fyrir því sem rætt er innan sviðanna á fundum kennslumálanefndar. Þetta fyrirkomulag hefur



Tryggvi Másson

reynst Stúdentaráði ákveðinn þröskuldur sem erfitt getur verið að komast yfir.

Þess vegna hefur Stúdentaráð ákveðið að setja á stofn sína eigin náms- og kennslumálanefnd sem samanstendur af fulltrúa þeirra í kennslumálanefnd HÍ, fulltrúum Kennslunefnda sviðanna og tveimur öðrum fulltrúum Stúdentaráðs. Hlutverk þessarar nefndar er að virkja samlegðaráhrif sem fulltrúarnir hafa innan sviðanna til þess að brjóta niður þennan þröskuld og koma vilja stúdenta á framfæri á betri hátt en áður. Fulltrúar nemenda í kennslumálanefnd Háskólans



hafa tekið að sér stórt hlutverk við skipulagningu á Kennslumálaþingi sem haldið er ár hvert. Með því að koma þeirri skipulagningu undir hatt þessarar nefndar og þar með undir Stúdentaráð verður hægt að sýna enn betur fram á kröfu nemenda um betra nám.

Nemendur staldra tiltölulega stutt við í þessum skóla miðað við kennara og því er stuttur tími sem hver og einn hefur til þess að berjast fyrir betri skóla. Þess vegna er nauðsynlegt að koma á fót vettvangi eins og þessum þar sem nemendur deila reynslu sinni og geta nýtt sér þekkingu hvers annars til að kynja fram breytingar. Með þessu móti verður auðveldara að halda utan um baráttumál sviðanna, afla gagna og upplýsinga tengdum þeim og koma málum í gegn þó það taki mörg ár. Þó sviðin séu að berjast fyrir mismunandi málum eiga þau að geta tekið hvert annað til fyrirmyndar til þess að bæta skólann í heild sinni.

Nýjasta dæmi þess efnis er umræðan sem skipast hefur eftir að Umhverfis- og byggingarverkfræðideild hóf að leyfa nemendum að taka þátt í úrvinnslu kennslukannanna. Þetta fyrirkomulag Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar

hefur reynst vel og aukið þáttöku nema í þeirri deild í kennslukönnunum til muna. Félagsvísindasvið hefur meðal annars sýnst þessu mikinn áhuga og stefnir á að taka það upp eins fljótt og auðið er.

Þetta er þó aðeins dropi í hafið af þeim málum sem nemendur Háskóla Íslands eru að berjast fyrir. Með því að setja á fót nefnd eins og náms- og kennslumálanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands munu nemendur hafa vettvang til þess að nýta samlegðaráhrif allra sviðanna og koma málum í gegn mun fyrr en hingað til. Nemendur koma í háskóla til þess að afla sér þekkingar og treysta á að þeim upplýsingum sem meðtaka á sé miðlað á besta mögulega máta. Það er ekki fyrr en stúdentar fara að tala sín á milli að upp koma vandamál, hugmyndir og lausnir.

Það hættulegasta sem getur gerst fyrir nemendur er að þeir sætti sig við ástandið, sætti sig við hið óásættanlega. Það er alltaf svigrúm til umbóta og það er hlutverk nemenda að tjá sig. Ef nemandi veit ekki hverju hann er að missa af, hvernig á hann að berjast fyrir umbótum?

Samstarf um aðferðafræði

Starfshópur um samkennslu í aðferðafræði hefur um nokkurt skeið starfað innan Háskóla Íslands og hefur Félagsvísindasvið leitt vinnu hópsins. Markmið vinnunnar er að stuðla að nýjungum í kennslu á sviði megindlegrar aðferðafræði og tölfraði. Í hópnum eru kennarar frá fjórum af fimm sviðum HÍ, auk kennara frá Háskólanum á Akureyri, Landbúnaðarháskólanum og Háskólanum á Hólum. Hópurinn vinnur nú að því að auka við kennslubanka HÍ (kennslubanki.hi.is) sem og Tutor-web (<http://tutor-web.net/>), setja þar inn efni og safna saman vefefni í aðferðafræði og tölfraði, auk þess sem unnið er að orðalista yfir hugtök í tölfraði með þýðingum frá hverri deild. Í vetur verða teknir upp fyrirlestrar sérfræðinga í aðferðafræði með það í huga að besta hugsanlegi sérfræðingurinn flytji fyrirlestur á sínu sérsviði og allir nemendur HÍ hafi aðgang að honum. Með þessu samstarfi sviðanna geta fleiri kennarar gert tilraunir með vendikennslu, mótað nýja kennsluhætti með því að nýta sér upptökur og notað tímann sem þeir hafa í undirbúningi í að búa til stuðningsefni og verkefni fyrir nemendur. Þarna er að auki kominn samstarfs- og samráðsvettvangur sérfræðinga í aðferðafræði og mun hópurinn hittast reglulega. Sótt var um styrk í kennslumálasjóð og fékkst stuðningur til að halda

áfram að þróa verkefnið. Ráðinn var starfsmaður í hlutastarf til að halda utan um starfið.

Fyrst og fremst er verkefnið mikilvægt af þeim sökum að það mun nýtast fjölda nemenda innan sem utan Háskóla Íslands, þar sem allir opinberir háskólar á Íslandi eru þátttakendur í verkefninu. Upptökurnar verða bæði upprifunarefni, grunnefni og framhaldsefni. Kennarar geta vísað nemendum á upptökurnar og þær munu nýtast í kennslu innan allra sviða HÍ. Upptökurnar hjálpa kennurum að kenna með svokallaðri vendikennslu, sem hefur verið að aukast undanfarið og hafa rannsóknir bent til þess að slík kennsla skili góðum árangri. Vendikennsla hentar mjög vel í tölfraði vegna þess að þá er hægt að hámarka gæði kennslustundanna sem nemendur og kennarar verja saman.

Með auknu samstarfi á milli deilda, sviða og skóla er hægt að stuðla að betri og fjölbreyttari kennsluháttum í megindlegri aðferðafræði og tölfraði. Fyrirlestrararnir nýtast öllum kennurum þessara faga beint í kennslu, eða sem viðbóta- og upprifunarefni fyrir nemendur. Meistararnemar og doktorsnemar geta einnig sótt í þessi myndbönd til að afla sér þekkingar við úrvinnslu lokaverkefna sinna.

Stuðningur ritvers við stúdenta

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir og Jóhanna Guðríður Ólafsson,
jafningjaráðgjafar í ritveri Menntavísindasviðs, og Baldur Sigurðsson,
dósent við Menntavísindasvið og forstöðumaður ritvers

Ritver var sett á laggirnar á Menntavísindasviði síðla árs 2009, hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Ritver Hugvísindasviðs var opnað í janúar 2014. Fyrirmyndin er sótt til Bandaríkjanna þar sem fyrstu ritverin voru stofnuð á sjöunda áratug síðustu aldar (e. *writing centers, writing labs*, Baldur Sigurðsson, 2011). Hlutverk ritvers er að vera miðstöð þekkingar um allt sem tengist fræðilegum skrifum og veita stúdentum og kennurum stuðning og ráðgjöf við skrif, mat á skrifum og leiðsögn. Meginmarkmið starfsins er að styrkja stúdenta (höfunda) til sjálfshjálpar í skrifum sínum (Ritver, 2015).

Skjól til að ræða eigin skrif

Starfsmenn ritvers eru fyrst og fremst stúdentar, jafningjar þeirra sem leita ráðgjafar, og er ráðgjöfin því á jafningjagrunni. Hugtökin sem notuð eru í fræðunum um jafningjaráðgjöf eru: *jafningjaráðgjafi* (e. *peer tutor*) og *ráðþegi* (e. *tutee*). Í ritveri Menntavísindasviðs höfum við talað um *höfunda* í stað ráðþega. Höfundar leita til ráðgjafa í ritveri með verkefni sem þeir eru að skrifa í námskeiði eða koma til að ræða lokaverkefnið sitt. Jafningjaráðgjafi er nemandi, sem leiðbeinir öðrum nemanda eða nemendum um skrifin (Falchikov, 2001, bls. 9). Ráðgjafinn er yfirleitt kominn jafn langt eða lengra í námi, hefur menntun á sviði ritunar og ráðgjafar, býr yfir reynslu af því að ráðleggja öðrum um skrif og fylgir ákveðnum faglegum vinnubrögðum við það. Menntun og reynsla ráðgjafans setur hann því skörinni hærra en höfundana sem til hans leita þótt hann sé í rauninni á sama báti og þeir gagnvart kennurum skólans.

Jafningjaráðgjöf getur farið fram nánast hvar sem er, hvort heldur í náms- eða ritveri, á bókasafni eða á sérstökum stað innan skólastofunnar. Ritver er dæmi um afmarkaðan stað þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir að stúdentar geti komið og rætt um verkefni sín. Það má líta á ritverið sem skjól sem höfundar geta leitað í þegar þeir vilja fá aðra sýn á eigin skrif. Það er staður sem veitir óháða ráðgjöf um viðfangsefnið í gegnum samræður með það að leiðarljósi að gera höfund sjálfstæðan og ábyrgan fyrir eigin skrifum. Jafningjaráðgjöf getur verið nokkurs konar brú á milli nemenda og kennara. Höfundur getur komið með erindi eða fyrirspurn í ritverið sem hann myndi ekki vilja spyrja kennarann um eða ónáða hann með af einhverjum ástæðum.

Jafningjaráðgjafi er fagmaður

Ráðgjöf jafningja í ritveri er sérstakt fag sem hefur þróast og vaxið á nokkrum áratugum í ritverum vestanhafs (Baldur Sigurðsson, 2011). Fagmennska ráðgjafa snýst um að kunna að hlusta og spyrja, og fylgja ákveðnum vinnu- og siðareglum um hvað leyfilegt er og hvað ekki. Sá sem leiðbeinir (ráðgjafinn) má ekki undir neinum kringumstæðum líta á sig sem kennara. Hann á að hlusta á höfund, svara spurningum hans og leitast við að hjálpa honum að koma hugsunum sínum á blað. Hann má ekki þröngva upp á höfundinn öðrum umræðuefnum en hann vill sjálfur ræða og verður að gæta þess að virða verkefnislýsingar og fyrirmæli kennara og umsjónarmanna námskeiða.

Ritverið er ekki almenn ráðgjafarstöð um málfar eða stafsetningu og þar fást verkefni ekki lesin yfir og leiðrétt. Á heimasíðu þess má finna skrá um fólk sem tekur slíkt á sér. Hins vegar leiðbeina ráðgjafar um málfarsleg atriði og stafsetningu þegar höfundar óska eftir því, en áhersla er lögð á að benda þeim á hentug hjálpartæki svo sem orðabækur og vefefni.

Litið er á ráðgjafa sem fagmann sem kann að tala um ritun, hann hlustar gaumgæfilega, spyr réttu spurninganna og gætir þess að umræðurnar hjálpi höfundum að finna þau svör sem þeir leita að (Girgensohn, 2012). Ráðgjafinn dæmir ekki, leiðréttir ekki og skipar ekki fyrir, heldur bendir hann á og ráðleggur. Þegar höfundar heimta skýr og einhlít svör gefur ráðgjafinn alltaf möguleika á að velja. Ráðgjafinn má ekki gefa fyrirmæli eins og kennari, heldur verður hann að gera höfundum ljóst að þeir bera ábyrgð á eigin verki.

Námskeið tekin í fóstur

Ritverið hefur á undanförunum árum verið í góðu samstarfi við kennara um aðstoða stúdenta í viðamiklum námskeiðsverkefnum. Við tölum stundum um að „taka námskeið í fóstur“. Þá hefur umsjónarmaður námskeiðs samband við ritverið um samstarf vegna verkefnis sem hann hyggst leggja fyrir á námstímanum. Þegar námskeið eru í fóstri geta stúdentar rætt verkefni sín við ráðgjafa á sérstökum vinnustofum, sent þau til yfirlestrar og fengið ráð um það sem betur má fara. Lykilatriði er samt alltaf *samtalið* við höfund um verk hans og hugmyndir: Ráðgjafar skila ekki „leiðréttu“



verkefni, heldur hitta höfund á viðtalsfundi. Í allri umræðu um verkefni er það alveg skýrt að umsjónarmenn námskeiða eru þeir sem leggja línurnar fyrir skrif höfunda. Þannig gæti ritverid þess að taka ekki fram fyrir hendur kennara heldur fylgja fyrirmælum þeirra í einu og öllu.

Ráðgjöf til framtíðar

Í byrjun leituðu stúdentar einkum til ritvers í sambandi við lokafrágang og heimildaskrá, en það er að breytast. Nú koma æ fleiri með ritsmiðar sínar mun fyrr. Nú er snar þáttur í starfi ráðgjafa að skerpa sýn höfunda á viðfangsefni sín í upphafi, ræða hugmyndir, réttmæti þeirra, tengsl eða skipulag framsetningar, og veita aðstoð við heimildaöflun, bæði á bókasafni skólans og á veraldarvefnum. Þannig opnast augu höfunda fyrir óendanlegum möguleikum á nálgun viðfangsefnis á sama tíma og vinnubrögð þeirra verða sjálfstæðari.

Lögd er áhersla á að ráðgjöfin beinist ekki aðeins að þeim texta sem höfundar vinna að þegar þeir koma í ritverid heldur nýtist einnig í skriflegum verkefnum sem þeir eiga eftir að vinna síðar. Þess vegna er spurningum ekki alltaf svarað beint, heldur bent á hvar finna megi svar, eða svör við spurningum af sama tagi. Með því að hlúa að nauðsynlegri ritunartækni, þekkingu og hugsun í skrifum höfunda eflast þeir þegar til lengri tíma er litið.

Við róum öll á sama báti

Í ritveri starfa ráðgjafar sem sjálfir eru námsmenn og virkir höfundar. Þeir þekkja vel þær raunir sem höfundur ratar í þegar illa gengur og hafa glímt við að finna leiðir út úr þeim.

Ráðgjafarnir sjálfir hafa lært að leita hver til annars og gera það óhikað. Ritverid er samfélag fólks sem hefur gaman af að ræða hugmyndir, skrif og fræði. Ráðgjafarnir hafa reynslu af því að sitja beggja vegna borðsins og eiga auðvelt með að setja sig í spor höfunda sem þangað leita.

Starfið í ritveri Menntavísindasviðs hefur gert ráðgjafana að betri og meðvitaðri námsmönnum, og opnað þeim möguleika á ýmsum fræðatengdum störfum og kennslu innan Háskólans. Ráðgjöf þeirra hefur reynst stúdentum vel því kennarar segjast fá betri verkefni en áður og stúdentar segjast fá hærri einkunnir en þeir hafa áður kynnst.

Ritver Menntavísindasviðs byrjaði sem einn maður í hlutastarfi við að sinna stúdentum með lokaverkefni. Lokaverkefni eru enn þá eitt meginviðfangsefnið en núna er rekin fjölbætt ráðgjöf við stúdentu á öllum stigum náms með alls konar verkefni í smíðum. Ritverid sinnir ekki aðeins stúdentum á Menntavísindasviði, heldur tekur vel á móti höfundum af öllum sviðum Háskólans og jafnvel frá öðrum háskólum.

Heimildir:

- Baldur Sigurðsson. (2011). Ritver á Menntavísindasviði – nýjung á Íslandi. *Skíma* 37(1). Sótt af <http://www.modurmal.is/skima/19/68-ritver-a-menntavisindasviei-nyjung-a-islandi>
- Falchikov, N. (2001). *Learning together: Peer tutoring in higher education*. London: Routledge.
- Girgensohn, K. (2012). Mutual growing: How students experience can shape writing centers. *Journal of Academic Writing*. 2(1), 127–137.
- Ritver. (2015). Ritverid. Sótt af <http://ritver.hi.is/ritverid>

Kennsla aldrei afgangstærð

Viðtal við nýkjörinn rektor Jón Atla Benediktsson

Ása Björk Stefánsdóttir, verkefnisstjóri á Kennslumiðstöð og Guðrún Geirsdóttir, dósent við Menntavísindasvið og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar

Starfsmönnum Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands lék forvitni á að heyra afstöðu nýkjörins rektors, Jóns Atla Benediktssonar til kennslumála og stefnu í þeim málum.

Við hvornig búi tekur þú hvað varðar kennsluna?

Kennsla við Háskóla Íslands er að mörgu leyti góð. Nú er sjálfsmati nýlokið og þar kemur fram að nemendur telja kennsluna vera aðalatriðið í námi sínu sem er jákvætt og nauðsynlegt að hafa í huga í komandi stefnumótunarvinnu Háskólans.

Við skólann starfa vel menntaðir og góðir kennarar en það er ýmislegt sem má bæta. Sem dæmi má nefna námsmat og endurgjöf, að bæta nemenda- og kennarahlutföll, nýta tæknina meira, fjölga sérhæfðum kennslustofum og fleira í þeim dúr. Við verðum að vera vakandi fyrir þessum þáttum og eigum alltaf að vinna að því að gera kennsluna betri, til dæmis með fræðslu fyrir kennara.

Háskóli Íslands er að ganga í gegnum þroskaferli. Fyrir þriðjónni árum síðan var kennslan aðalatriðið í starfi háskólans. Síðan var áherslan sett á rannsóknir með tilheyrandi hvatakerfi en ekki horft eins mikið til kennslunnar. Nú erum við komin á nýtt skeið þar sem rannsóknir eru á nokkuð góðri siglingu en við þurfum að huga betur að kennslumálum. Þar gefst tækifæri til að nota sjálfsmatið, sem við höfum unnið, til stefnumótunar.

Hverjar verða áherslur þínar í kennslumálum?

Mínar áherslur eru fyrst og fremst að gera góðan kennslu- og rannsóknarháskóla enn betri, það er grundvallarstefið. Til þess þurfum við umhverfi sem eflir bæði kennslu og rannsóknir. Í því sambandi er mikilvægt að draga úr álagi á kennara. Það þarf að fjármagna kennsluna betur svo unnt sé að sinna nemendum betur, t.d. í smærri hópum. Það þarf að virkja nemendur og nota til þess fjölbreytt námsmat þar sem áhersla er lögð á símat, leiðsagnarmat og nýjustu kennslutækni. Ég er þeirrar skoðunar að alltaf þurfi að huga að sérkennum hverrar greinar þar sem þær eru í eðli sínu ólíkar, en í grunninn finnst mér mikilvægt að vinna að því að virkja nemendur og stuðla að betri kennsluháttum.



Jón Atli Benediktsson

Hverjar eru helstu áskoranir í kennslumálum Háskóla Íslands nú um stundir?

Það er hægt að líta á áskoranir frá mörgum sjónarhornum. Við höfum lagt mikla áherslu á rannsóknir á síðustu árum og það er mikilvægt að gera það áfram. En það er ekki síður mikilvægt að hlúa að kennslunni og mati á henni. Þeir kennarar sem leggja sig fram í kennslu verða að sjá árangurinn af því starfi. Vinna þeirra verður að vera metin til framgangs, fastráðningar eða annarra þátta sem styðja og hvetja. Það er lykilatriði að þjálfa nýja kennara í kennslu og enn fremur þarf að fylgjast vel með tækniframförum og sinna endurmenntun kennara. Í því gegnir Kennslumiðstöð sífellt mikilvægara hlutverki.

Ég hef lagt áherslu á að það verði að vinna náið með starfsfólkinu að þessum málefnum, hvatakerfin eiga ekki að skapa pressu heldur vera hvetjandi. Í dag eru hvatakerfin rannsóknarmiðuð sem þýðir að óhjákvæmilega verður mikið álag á starfsfólk þar sem áhersla er lögð á magnið. Þetta styður við til dæmis framgang í starfi og launaþróun en kennslan vill verða út undan. Þetta verður að leiðrétta og gera báðum þáttum jafnhátt undir höfði. Þá vill tengingin milli rannsókna og kennslu oft gleymast. Þegar kennarar kenna viðfangsefni sem verið er að rannsaka ná þeir oft betri árangri í rannsóknum sínum.

Mér finnst góð sú hugmynd að ráða á fræðasviðin sérfræðing í kennslumálum sem væri í akademískri stöðu. Hlutverk hans væri að afla upplýsinga um nám og kennslu á viðkomandi sviði og halda fræðslufundi og námskeið um kennslutengd málefni í samvinnu við Kennslumiðstöð. Þessi hugmynd er að verða að veruleika á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og Heilbrigðisvísindasviði. Þessu ætti tvímælalaust að reyna að koma á víðar í háskólanum.

Þá verðum við að sinna vel kennslu í grunnnáminu og taka vel á móti nemendum. Ég tel nauðsynlegt að ekki einungis stundakennarar heldur einnig kennarar með mikla reynslu, bæði í rannsóknum og kennslu, kenni á fyrsta ári svo nemendur kynnist þeim og tengi þá strax við fræðin. Í stefnu Háskólans kemur fram að mikilvægt sé að kennarar sinni kennslu á öllum stigum eins og kostur er. Þegar kennarar fara út fyrir þægindaramma sinn, gera eitthvað umfram það sem stendur í bókum og á glærum, eru meiri líkur á að nemendur tengist þeim og vilji leita til þeirra – og það skiptir miklu máli.



skorðum og skýrara. Í sumum deildum er endurskoðun meistaranáms komin vel af stað en annars staðar er slík vinna að hefjast. Þá er mikilvægt að skiptináms verði í boði hér eftir sem hingað til.

Mjög mikilvægt er að auka samræmi milli vinnuálags og eininga og ég vil sjá það betra í framtíðinni. Við þurfum

„Þeir kennarar sem leggja sig fram í kennslu verða að sjá árangurinn af því starfi. Vinna þeirra verður að vera metin til framgangs, fastráðningar eða annarra þátta sem styðja og hvetja“

Nú fer fram stefnumótun – hvaða stefnumál munt þú setja á oddinn varðandi kennsluna?

Ég vil sjá enn betri kennsluhætti. Ég vil sjá bætt hlutfall nemenda og kennara svo nemendur fái betri þjónustu og kennarar hafi svigrúm til að sinna verkefnum og leiðsagnarmati. Þannig sjá nemendur að verkefni sem skilað er skipta máli.

Það þarf að efla meistaranámið í Háskólanum verulega. Það er alveg ljóst að við getum ekki verið með sérhæfingu í kennslu á meistarastigi í öllum greinum. Fámenn lesnámskeið bera vott um það. Námið þarf að vera í fastari

að hugsa um heildarmyndina – að gera kröfur til nemenda og gera kröfur til okkar, en það má ekki vera þannig að eitt námskeið sé það krefjandi og umfangsmikið að nemandi geti ekki sinnt því jafnhliða öðru námi. Þá vil ég sjá meira af raunhæfum verkefnum, sem eru meðal annars sprottin frá nemendum, og gjarnan þverfagleg námskeið sem efla samstarf innan deilda og út á við.

Það er algjört lykilatriði að kennslan verði aldrei afgangsstærð í Háskóla Íslands. Við verðum að ráða inn fólk sem lætur kennslu ekki mæta afgangi heldur sinnir henni af alúð og metnaði.



Myndir úr verkefni.

Instagram sem kennslutæki

Bjarndís Fjóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri á Kennslumiðstöð

Á vormisseri hélt Kennslumiðstöð námskeiðið/ vinnustofuna „Samfélagsmiðlar í kennslu“, þar sem farið var yfir helstu samfélagsmiðlana og möguleika á að nýta þá í kennslu (Twitter, Facebook, Pinterest, Trello og Instagram). Námskeiðið var mjög vel sótt og á meðal þátttakenda var Bryndís Marteinsdóttir, nýdoktor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Á námskeiðinu fékk Bryndís hugmynd um hvernig nýta mætti samfélagsmiðilinn Instagram til verkefnaskila. Instagram er smáforrit fyrir Android og iOS tæki og virkar þannig að fólk deilir myndum og stuttum myndskildum sín á milli. # (umræðumerki) er nýtt til þess að flokka myndirnar.

Bryndís segir hér nánar frá tilurð og framkvæmd verkefnisins:

„Ég er að kenna í um 100 manna fyrsta árs námskeiði í ferðamálafræði (Náttúra Íslands). Þetta er fólk með mismunandi bakgrunn og margir hverjir hafa lítinn áhuga á plöntum, dýrum og jarðfræði.“

Við erum þrír kennarar með þetta námskeið (plöntu-, dýra- og jarðfræðigúru) og við förum með þau í eins dags bringferð um Suðvesturlandið til að skoða náttúruna. Hópnun var skipt upp (föru sitt hvorn daginn) og í hverjum hópi voru um 50 nemendur.

Ég stakk upp á því að við myndum hafa Instagram-verkefni í ferðinni til að virkja nemendur og það gekk MJÖG VEL.

Verkefnislýsingin var svobljóðandi:

Verkefni í vettvangsferð (10% af lokaekinnun):

Í ferðinni vinna nemendur verkefni sem byggir á því að á hverjum áningarstað eiga þeir að taka myndir af því sem þeim þykir áhugavert og einkennandi fyrir svæðið, eða samtals 3 myndir á hverjum stað. Myndirnar eiga að tengjast 1) jarðfræði, 2) plöntulíffræði og/ eða 3) dýralíffræði svæðisins. Nemendur eiga jafnframt að lýsa hverri mynd í einni setningu. Verkefninu á síðan að skila í lok ferðar (eða að ferð lokinni) inn á samfélagsmiðla (helst Instagram) með myllumerkinu #LAN107G. Mikilvægt er að kvitta undir hverja mynd með fullu nafni. Þeim sem nýta ekki samfélagsmiðla er heimilt að senda kennurum myndirnar ásamt texta í word-skjali.



Um helmingur nemenda skilaði verkefninu á Instagram og helmingur á word-skjali í Uglu. Stór hluti nemenda var mjög virkur í vettvangsferðinni, þeir hlustuðu á okkur þegar við vorum með „kynningarfyrrilestra“ um hvern áningarstað og svo spurðu þeir oft um hvað hitt og þetta væri og fylgdust með þegar að við kennararnir stoppuðum til að benda á eitthvað. Þeir voru einnig að taka myndir af hlutum sem þeir vissu ekki hvað væri og koma svo til okkar og spyrja út í hvað væri á myndinni. Það var líka mjög gaman að fara yfir verkefnið (og fljótlegt), það var oft skemmtilegur húmor o.fl. í lýsingunum hjá þeim. Í kennslukönnun voru nemendur mjög ánægðir með vettvangsferðina og enginn kvartaði undan verkefninu.

Mér hefði aldrei dottið þetta verkefni í hug nema út af námskeiðinu sem ég fór á hjá ykkur (Samfélagsmiðlar í kennslu).“

Námsmat og endurgjöf frá sjónarhóli National Union of Students á Bretlandi (NUS)

Viðtal við Kate Little, starfsmann National union of students á Bretlandi (NUS) og umfjöllun um tíu viðmið um námsmat og endurgjöf sem ýta undir aukna virkni nemenda.

Eyrún Fríða Árnadóttir, nemandi í Uppeldis- og menntunarfræði og fulltrúi í náms- og kennslumálanefnd SHÍ

Á Kennslumálapingi í febrúar síðastliðnum var aðalfyrirlesari Kate Little, National union of students á Bretlandi (NUS). Erindi hennar snerist að mestu leyti um lykilatriði góðs námsmats og endurgjafar. Það var fræðandi að ræða við Kate í kjölfarið og fá innsýn inn í þá hugmyndafræði sem er að ryðja sér til rúms í háskólum í Bretlandi, ekki síst fyrir tilstuðlan NUS.

Áður var litið á nám sem einfalt upplýsingaflæði frá kennara til nemanda en nú í seinni tíð hefur verið horft öðruvísi á málið. Vitað er að nám þarf að einkennast af samtali á milli kennara og nemenda, samtali nemenda sín á milli og jafnframt samtali kennara. Gerðar eru kröfur um fjölbreyttar kennsluáðferðir, lifandi samskipti og krefjandi verkefnavinnu. Þrátt fyrir áherslubreytinguna, virðist enn vera litið á námsmat og endurgjöf sem einfalda upplýsingagjöf, upplýsingagjöf sem hefur staðið í stað og heldur ekki í við breytta stefnu í námi og kennslu.

Á meðan áherslurnar liggja í staðlaðri einkunnagjöf og lokamati í stað leiðsagnarmats er hætta á að nemendur nálgist námið af kænsku og loki þar með á frekari kunnáttu, sjálfstæða og gagnrýna hugsun. Dæmi eru um að nemendur vinni hvert verkefni fyrir sig án þess að líta á heildarmyndina. Þetta takmarkar námið og upplifun nemendanna. Með fjölbreyttu leiðsagnarmati, sjálfsmati sem og jafningjamati, mætti ýta undir heilbrigðari nálgun nemenda á nám sitt.

Í árlegri könnun á meðal nemenda á Bretlandseyjum (NSS) kom fram að endurgjöf er sá þáttur sem nemendur eru síst ánægðir með í námi sínu. Við Háskóla Íslands er það sama uppi á teningnum og eru einungis um 60% nemenda ángæðir með þann þátt náms síns. National Union of Students (NUS) á Bretlandseyjum hefur unnið ötulllega að



Eyrún Fríða Árnadóttir



Kate Little

því undanfarin ár að efla meðvitund nemenda og kennara um mikilvægi námsmats og endurgjafar og útkoman eru tíu viðmið um námsmat og endurgjöf sem ýta undir aukna virkni nemenda og betri tileinkun þeirra í námi.

Undirbúningsvinnan var að mestu leyti unnin af nemendum, en NUS hefur safnað saman upplýsingum frá nemendum frá árinu 2008 um annars vegar hvers konar námsmat og endurgjöf þeir fengju, og hins vegar hvernig endurgjöf nemendur vildu fá. Upplýsingarnar voru sá grunnur sem unnið var út frá. Kate segir að vinnan hafi yfirleitt verið leidd af nemendum en kennarar og nemendur hafi unnið saman að gerð viðmiðanna. Viðmiðin byggja á akademískum grunni um hvernig nám eigi sér stað og hvað hægt sé að gera til að stuðla sem best að námi.

Saman mynda þessi tíu atriði viðmiðunarramma sem NUS hugsar sem töl til þess að bæta námsmat og endurgjöf og er hann settur upp sem þrepaskipt ferli. Í raun er því hægt að byrja á hvaða atriði sem er og bæta það eins og hægt er, þrátt ▶

fyrir að stefnan sé ekki sett á toppinn í hvert sinn. „Það er alveg gríðarlega mikilvægt að byrja rólega, gera sér grein fyrir því hvar maður stendur og hvað er raunhæft,“ útskýrir Kate. „Á meðan við viljum fá ítarlega og leiðbeinandi endurgjöf, þá getum við ekki farið fram á að fá hana innan tveggja daga. Við verðum að velja og hafna og þá er mikilvægast að nemendur og kennarar tali saman.“

Kate segir hugmyndina vera að saman taki viðmiðin á öllum þáttum námsmats og endurgjafar. Þannig er ekkert viðmið mikilvægara en annað en saman stuðla þau að bættu námi nemenda. Kate segist aftur á móti gefa öllum sömu ráð þegar hafist er handa: „Byrjið alltaf, ef þið getið, á áttunda lið: Gæði endurgjafar. Það er grunnurinn að öllu hinu.“ Með því á hún við að endurgjöfin komi tímanlega, geti verið fjölbreytt og í samræmi við vinnuna, en ef hún er ekki góð, skýr og nákvæm þá muni hún ekki gagnast eins og hún ætti.

Hér getur að líta viðmiðin tíu og nánari útlítingu á þeim.

Námsmat og endurgjöf - 10 lykilatriði

1. Fjölbreyttar námsmatsaðferðir sem dreifast yfir námstíma

Í tengslum við hæfniviðmið skal setja upp fjölbreyttar leiðir til námsmats og endurgjafar. Ef endurgjöfin endurspeglar hæfniviðmiðin, hæfni nemandans og tækifæri hans til bættrar frammistöðu þá er hún á réttri leið.

2. Námsmatskröfur og matsrammar að baki matinu

Kröfur um frammistöðu verða að vera skýrar og aðgengilegar svo að námsmatið nýtist nemendum sem best. Tengja skal námsmat og endurgjöf við hæfniviðmið. Nemendur verða ekki einungis að hafa aðgengi að námsmatinu sjálfu, heldur verða þeir líka að geta sótt sér stuðning og hjálp svo skilningur þeirra á námsmatinu aukist.

3. Skil á verkefnum

Verkefnaskil eiga að vera eins auðveld og aðgengileg nemendum og hægt er. Í raun ættu þau að vera rafræn ef kostur er á.

4. Dreifing á vinnuálagi

Vinnuálagi nemenda ætti ávallt að vera dreift yfir árið. Þegar námskeiðslýsingar eru skrifaðar og skilafrestir ákveðnir á að hafa hagsmuni nemandans að leiðarljósi og forðast að setja inn alla skilafresti á sama tíma. Bæði á þetta við staka áfanga og annirnar í heild sinni. Í raun ætti alltaf að hugsa slíkt skipulag út frá heildarupplifun nemandans, frekar en glímu hans við einstök verkefni í áföngum.



5. Nafnleysi og utanaðkomandi mat

Þegar námsmat telur til lokaeinkunnar ætti það að vera nafnlaust í flestum tilvikum og fá ætti utanaðkomandi prófdómara til þess að gæta samræmis, sanngirni og viðhalda stöðlum.

6. Samræmi í einkunnagjöf og dreifingu

Samræmi í einkunnadreifingu og einkunnagjöf ætti að vera þvert á áfanga og fög. Skýra þarf nákvæmlega hvaða viðmið eiga við hvaða einkunn svo að hægt sé að gæta sanngirni. Einnig ætti skólinn að gæta þess að einkunnaskalinn í heild sinni sé notaður.

7. Tímanleg endurgjöf

Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um hvenær skila skuli endurgjöf til nemenda. Þó ætti alltaf að miða við að nemandi fái endurgjöf til baka með nægum tíma til að skila næsta verkefni á eftir. Þar með er tryggt að endurgjöfin gagnist nemendum í seinni verkefnum, eins og hún á að gera.

purfa nemendur að hafa regluleg tækifæri til þess að skila inn efni, fá endurgjöf og læra af henni. Þessi tækifæri til lærdóms ættu ekki að telja til lokaekunnar.

10. Sjálfsmat og jafningjamat

Námsumhverfið verður að styðja nemendur í sjálfsmati. Sjálfsmat er lyklatríði í þroska nemendanna og velgengni

„Á meðan við viljum fá ítarlega og leiðbeinandi endurgjöf, þá getum við ekki farið fram á að fá hana innan tveggja daga. Við verðum að velja og hafna og þá er mikilvægast að nemendur og kennarar tali saman“

8. Gæði endurgjafar

Endurgjöf ætti alltaf vera uppbyggjandi, gagnleg og nákvæm. Hún á að útskýra einkunn nemandans, skýra fyrir honum hvað gekk illa og hvernig hægt sé að bæta sig fyrir næstu skil.

í námi. Í mótandi námsmati er nauðsynlegt að veita nemendum tækifæri til þess að öðlast skilning og læsi þegar kemur að námsmati og endurgjöf. Þessu er hægt að ná fram með jafningjamati og samvinnu nemenda.

9. Leiðbeinandi námsmat og endurgjöf

Þar sem endurgjöf er nauðsynlegur hluti þess að læra,

Hér má nálgast matskvarðann á vef NUS:

bit.ly/nus_namsmat

Kennslunefnd Hugvísindasviðs - Mikilvægi virkrar samræðu um kennslumenningu

Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild

Rannsóknir eru kjarni alls háskólastarfs en án þeirra yrði efniviður til kennslu ansi rýr. Mikil áhersla er þess vegna lögð á samræðu um rannsóknir og birtingu niðurstaðna með greinaskrifum og fyrirlestrahaldi. Í hverri viku eru í boði fjölbreyttir fyrirlestrar og málstofur um hvers kyns rannsóknarstarf og fræði. Minni áhersla hefur hins vegar verið lögð á opna samræðu um kennslumenningu og þá hvaða aðferðir við kennslu hafi tekist vel þegar kemur að því að miðla þekkingu til nemenda. Kennslumiðstöð hefur gegnt veigamiklu hlutverki við að efla gæði og auka fjölbreytni í kennslu við Háskóla Íslands með námskeiðahaldi, fræðslufundum og hvers kyns ráðgjöf. En vitum við hvernig tekist hefur að nýta nýstárlegar eða rótgrónar aðferðir við kennslu og námsmat í mismunandi námskeiðum? Geta kennarar ekki miðlað reynslu sinni til okkar hinna með fyrirlestrum eða umræðu, rétt eins og þegar þeir birta niðurstöður eða fjalla um rannsóknir sínar?

Kennslunefnd Hugvísindasviðs ákvað að hvetja til þess konar umræðu með því að halda þrjá rannsóknir um kennsluhætti á síðasta misseri. Tilgangurinn var fyrst og fremst að skapa vettvang fyrir samræðu um bættu kennslu og kennslumenningu innan og á milli



Steinunn Kristjánsdóttir

deilda sviðsins. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að einn kennari leiddi umræðuna í hvert sinn með því að kynna kennslu og kennsluhætti í námskeiði sem hann taldi að hefði heppnast vel eða hafði hug á að prófa að taka upp. Eftir kynninguna voru opnar umræður. Fyrstur reið á vaðið Jón Karl Helgason prófessor við Íslensku - og menningardeild og sagði hann frá tilraunum sínum við að láta nemendur vinna hagnýt verkefni í námskeiði á meistarastigi. Á öðrum rannsóknirum sagði Eiríkur Rögnvaldsson prófessor í Íslensku frá reynslu sinni af vendikennslu og notkun rafrænna fjölvalsprófa í grunnnámskeiði. Á síðasta rannsóknirum sagði Ingibjörg Ágústsdóttir lektor í ensku frá munnlegum prófum og nýstárlegum aðferðum við mat á þeim.

Sams konar rannsóknir – þó með ýmsu sniði – eru haldnir innan flestra sviða Háskólans og hafa þeir að sögn þátttakenda tekist vel, rétt eins og þeir sem haldnir voru á Hugvísindasviði vormisserið 2015. Fundirnir hafa ekki síst stuðlað að virkari og opnari samræðu um kennslumenningu sem um leið er mikilvægt gæðamál fyrir skólann í heild.

Gæðastarf er lærdómsferli

Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri HÍ

Ása Björk Stefánsdóttir, verkefnisstjóri á Kennslumiðstöð og Guðrún Geirsdóttir, dósent við Menntavísindasvið og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar

Magnús Diðrik Baldursson er skrifstofustjóri rektorsskrifstofu Háskóla Íslands og hefur starfað sem gæðastjóri HÍ undanfarin ár. Hann hefur tekið virkan þátt í þróun gæðamála við Háskólann og stýrt margvíslegu innra og ytra gæðamati. Þá er Magnús formaður ráðgjafarnefndar Gæðaráðs háskóla. Við mæltum okkur mót við Magnús og tókum hann tali um gæðamál, sjálfsmatsskýrslur og verkefni fram undan. Við byrjuðum á að ræða hvað Magnúsi finnst standa upp úr starfinu í vetur og undanfarið.

Gæði sem skipulegt umbótastarf

„Segja má að árið 2010 hafi orðið kaflaskil í gæðamálum íslenskra háskóla þegar stofnað var Gæðaráð háskóla, skipað sex erlendum sérfræðingum. Ráðið setti fram svonefnda rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum og var hún kynnt í upphafi árs 2011. Áætlunin er í grófum dráttum tvíþætt. Í fyrsta lagi fara allar faglegar einingar allra háskóla landsins á fimm ára fresti í gegnum ítarlegt sjálfsmat. Í tilviki Háskóla Íslands er um að ræða 25 deildir og tvær þverfræðilegar námsleiðir og eru því samtals 27 einingar undir. Í hverju tilviki er skipaður sjálfsmatshópur undir stjórn deildarforseta og með þátttöku fastra kennara, nemenda, fulltrúa atvinnulífs og erlends sérfræðings. Matsvinnunni lýkur með ritun sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun. Í öðru lagi er hver háskóli fyrir sig metinn sem heild og er matið tvískipt. Fyrst fer fram sjálfsmat, ritun sjálfsmatsskýrslu og gerð aðgerðaráætlunar og er í þeirri vinnu meðal annars byggt á sjálfsmatsskýrslum deildanna og lærdómi sem draga má af þeim. Síðan kemur ytri matshópur, skipaður erlendum sérfræðingum, í vettvangsheimsókn og fundar með fulltrúum allra helstu hópa háskólasamfélagsins; rektor, háskólaráði, Stúdentaráði, kennurum, nemendum á öllum námsstigum, fulltrúum nefnda og stofnana og fleiri. Eftir heimsóknina skilar ytri matshópurinn skýrslu þar sem lagt er mat á styrkleika og veikleika, settar eru fram tillögur um hvernig megi þróa og efla starfsemina enn frekar og skólanum loks gefin einkunn,“ útskýrir Magnús.

„Deildirnar hafa nú flestar lokið sjálfsmati og ytri matskýrslan um Háskóla Íslands var birt í apríl síðastliðnum.

Háskólinn fékk hæstu einkunn sem gefin er í fyrstu umferð og er það mjög ánægjuleg niðurstaða og mikilvæg staðfesting fyrir skólann,“ bætir Magnús við. „Að mínum dómi er þó ekki síður mikilvægt að horfa til þess hvernig allt kerfið myndar heild sem byggir á hugmyndafræðinni um sífelldar umbætur. Þannig er sjálfsmat deildanna í senn í þágu þeirra sjálfra og um leið undirstaða sjálfsmats Háskólans alls. Á sama hátt er sjálfsmat Háskólans í senn í þágu hans sjálfs og undirstaða ytra matsins. Loks er þetta allt til samans mikilvæg undirstaða fyrir stefnu Háskóla Íslands, en ný stefnumörkun fyrir tímabilið 2016-2021 er einmitt í undirbúningi um þessar mundir,“ segir Magnús.



Magnús Diðrik Baldursson

Áhersla á nám og kennslu – nemandinn í öndvegi

Í sjálfsmatinu er sérstaklega horft til náms og kennslu. „Farið er yfir alla helstu ferla sem tengjast námi og kennslu, svo sem hvernig staðið er að inntöku og móttöku nemenda, námsráðgjöf, námsmati og endurgjöf, mati á vinnuálagi, kennsluháttum, ráðningu og þjálfun kennara og svo framvegis. Gagnsemi sjálfsmatsins felst þó ekki aðeins í niðurstöðunni heldur ekki síður í ferlinu sjálfu því það fær okkur til að hugsa skipulega um kennslumál, þróa nýjar leiðir og horfa á málin frá sjónarhóli nemandans. Allt þetta til samans, metnaðarfull markmið, skýrir ferlar og vilji til að draga lærdóm og stuðla að sífelldum umbótum og framförum er það sem við köllum gæðabrag eða gæðamenningu og er, þegar öllu er á botninn hvolft, það sem mestu máli skiptir,“ segir Magnús.



Fjölþætt samstarf

Magnús segist sjá þess greinileg merki að sjálfsmatið hafi stuðlað að vakningu um kennslumál bæði hjá kennurum og nemendum. „Í öllu ferlinu er lögð rík áhersla á þátttöku nemenda og hafa þeir verið mjög virkir og lagt fram ómetanlegan skerf til vinnunnar á öllum stigum. Eitt af því sem við höfum lært á þessu ferðalagi er að styðja þarf betur við nemendur sem taka þátt í sjálfsmati. Því hefur verið

Félagsvísindastofnunar HÍ um gerð viðhorfskannana sem síðan hafa verið lagðar árlega fyrir grunnnema, meistaranema og doktorsnema. Einnig er sérstök könnun lögð fyrir nemendur sem lokið hafa námi og farið út í atvinnulífið og önnur könnun mælir gagnsemi ýmiss konar stoðþjónustu sem Háskólinn býður nemendum. Niðurstöðum þessara kannana er miðlað til fræðasviða og deilda og fela þær í sér dýrmæta endurgjöf. Deildirnar geta m.a. nýtt gögnin til að

„Gagnsemi sjálfsmatsins felst þó ekki aðeins í niðurstöðunni heldur ekki síður í ferlinu sjálfu því það fær okkur til að hugsa skipulega um kennslumál, þróa nýjar leiðir og horfa á málin frá sjónarhóli nemandans“

ákveðið að þegar næsta lota hefst muni nemendum standa til boða sérstök þjálfun og verður hún skipulögð í samstarfi við Landssamtök íslenskra stúdenta sem láta sig gæðamál miklu varða.“

Þetta dæmi sýnir hvernig sjálfsmatið hefur orðið til þess að virkja aðila til samstarfs og hefur það nú þegar skilað töluverðum samlegðaráhrifum. „Ég vil í þessu sambandi sérstaklega nefna Kennslumiðstöð og Félagsvísindastofnun,“ segir Magnús. Þegar vinnan við sjálfsmatið hófst í byrjun árs 2011 lá fyrir að lítið var til af kerfisbundnum upplýsingum um líðan og viðhorf nemenda til námsins, ef frá eru taldar hefðbundnar kennslukannanir. „Því var leitað til

bera sig saman við aðrar deildir, fræðasvið og Háskólann í heild, setja sér markmið og mæla árangur. Kannanirnar byggja á breskri fyrirmynd og gefur það enn fremur tækifæri til samanburðar á milli landa, en slík alþjóðleg samanburðargögn um gæði náms og kennslu hafa ekki verið til áður. Þá hafa hinir opinberu háskólarnir bæst í hópinn og þannig fæst einnig innlendir samanburður.“

„Annað dæmi um slíka samvinnu er Kennslumiðstöð HÍ. Þegar sjálfsmatið hófst leituðu einstakar deildir til miðstöðvarinnar til að aðstoða við undirbúning matsins. Þetta gafst strax mjög vel og með tímanum hafa sífellt fleiri deildir nýtt sér þjónustu og sérfræðiþekkingu

Kennslumiðstöðvar, svo sem við skipulagningu rýnihópa nemenda, greiningu á kennsluháttum, ráðgjöf og fleira. Kennslumiðstöð hefur unnið frábært starf í öllu þessu ferli og gefið deildunum margvíslegar leiðbeiningar um hvernig megi efla og bæta kennsluhætti,“ segir Magnús. „Loks má nefna að árlegt Kennslumálaþing Háskóla Íslands, sem er samstarfsverkefni Stúdentaráðs, kennslumálanefndar, Kennslumiðstöðvar og gæðanefndar, hefur undanfarin ár verið helgað gæðastarfi. Fyrir þremur árum fjallaði þingið um tengsl rannsókna og kennslu, í hitteðfyrri var viðfangsefnið nýir kennsluhættir, í fyrri var sjónum beint að lærdómi af sjálfsmati deilda og í ár var umfjöllunarefnið námsmat og endurgjöf. Þetta er dæmi um hvernig sjálfsmat og viðhorfskannanir geta nýst því niðurstöður þeirra sýna að námsmat og endurgjöf eru sá námsþáttur sem nemendur eru síst ánægðir með. Því ákváðum við að setja málið á dagskrá. Hér er raunar ekki um séríslenskt vandamál að ræða því kannanir í öðrum löndum gefa sömu niðurstöðu. Við höfðum spurnir af því að samtök stúdentafélaga á Bretlandseyjum hefðu ráðist í sérstakt átak í tengslum við þetta og buðum fyrirlesara frá þeim til að koma á þingið og segja frá því.“

Ekki átaksverkefni

Magnús segir að allt frá upphafi vinnunnar hafi verið lögð áhersla á að gæðamál séu ekki átaksverkefni heldur sjálfsagður og eðlilegur þáttur í starfseminni. „Gæðamat og úttektir eru ekki eitthvað sem ráðist er í á nokkurra ára fresti og er svo lagt til hliðar. Gæðamál eiga að vera óaðskiljanlegur þáttur í öllu háskólastarfi. Gæðastjórnun er stjórnun, svo einfalt er það!“ bætir Magnús við. „Í hugmyndinni um sífelldar umbætur felst að þeim er aldrei lokið og því er réttara að tala um gæðastarf sem lærdómsferli sem smám saman skilar sér í sterkari gæðamenningu. Þannig sjáum við að sjálfsmatsskýrslur deildanna hafa sífellt batnað og deildirnar læra hver af annarri. Að greina góða starfshætti og miðla þeim innan Háskólans er verkefni sem við þurfum að taka skipulegri tókum í framtíðinni. Síðast en ekki síst hefur reynst mjög dýrmætt að hafa erlendan sérfræðing í hverjum sjálfsmatshópi til að fá utanaðkomandi sýn, ferskar hugmyndir og ráðgjöf fyrir deildir.“

Sóknarfæri

Eins og áður sagði hafa flestar deildir nú skilað sjálfsmatsskýrslum sínum og við tekur vinna við eftirfylgni með aðgerðaráætlunum. „Einu ári eftir skil skýrslanna er kallað eftir greinargerð frá hverri deild um hvernig gengur að vinna eftir aðgerðaráætlununum. Sama máli gegnir um Háskólann í heild. Þegar drög að sjálfsmatsskýrslu

Háskóla Íslands lágu fyrir voru þau rædd í þaula á Háskólaþingi í nóvember sl. og tóku tæplega 100 fulltrúar alls háskólasamfélagsins þátt í þeirri vinnu. Niðurstaðan var aðgerðaráætlun í 75 liðum sem miðar að betrubótum og framþróun á sviði gæða náms og kennslu. Við þetta bætast ábendingarnar í matsskýrslu erlendu sérfræðinganna og þarf Háskólinn að gera Gæðaráði grein fyrir eftirfylgninni vorið 2016,“ útskýrir Magnús.

Áhersla er lögð á gegnsæi í ferlinu og að stjórnvöld og almenningur hafi aðgang að niðurstöðum mats á íslensku háskólunum. Það er hverjum háskóla í sjálfsvald sett hvort hann gerir sjálfsmatsskýrslur deildanna opinberar en ytri matsskýrslurnar um háskólana er birtar á vef Gæðaráðsins. Þar kemur fram hvað erlendu sérfræðingarnir telja mikilvægast, bæði styrkleikar og veikleikar. „Nú, þegar fyrstu lotu rammaáætlunar Gæðaráðs er að ljúka höfum við því fjársjóð upplýsinga sem miklu máli skiptir að vinna vel úr,“ segir Magnús. Eins og áður sagði verða þessi gögn m.a. nýtt í tengslum við vinnu við mótun nýrrar heildarstefnu fyrir Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016–2021. „Það liggur ekki fyrir á þessari stundu hvaða aðgerðir fara inn í stefnu skólans og hverjar fara í annan farveg. Í ytri matsskýrslu erlendu sérfræðinganna eru gagnlegar ábendingar sem taka þarf afstöðu til og vinna úr. Svo dæmi séu tekin hvetja erlendu sérfræðingarnir Háskólann til að halda áfram að styrkja gæðastjórnun, efla framhaldsnám, meistara- og doktorsnám, huga að inntökukröfum, móta skipulega stefnu um nýja kennsluhætti, efla alþjóðleg samskipti, styrkja stoðkerfi kennslu til mótvægis við rannsóknáhersluna, tryggja gæði stundakennslu og nýta með markvissari hætti niðurstöður kennslukannana, svo dæmi séu tekin.“

Magnús leggur áherslu á að skýrslan dragi líka fram það sem vel er gert og að nauðsynlegt sé að halda því á lofti. „Þar má nefna að erlendu sérfræðingarnir fara lofsamlegum orðum um hvernig Háskólinn hefur staðið að sjálfsmatsvinnunni, aðkomu Kennslumiðstöðvar að sjálfsmati deilda, fræðslu og þjálfun kennara, starfsemi Miðstöðvar framhaldsnáms, Félagsvísindastofnun, mentorakerfi fyrir erlenda nemendur, stoðþjónustu á Háskólatorgi, viðtækri aðkomu stúdenta að stjórnun, vísindamiðlun fyrir ungt fólk og skipulega notkun upplýsinga og gagna sem stjórnþækja í gæðastarfi,“ bendir Magnús á.

Eins og sjá má eru spennandi tímar fram undan hjá Háskóla Íslands hvað varðar gæðamál, og verður áhugavert að sjá hvernig þessi gagnlega vinna mun hafa áhrif á stefnu skólans fyrir komandi ár.



frá vinstri: Heiður Reynisdóttir, starfsmaður nefndarinnar, Björn Guðbjörnsson, lektor við Læknadeild, Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, Guðmundur Arnkelsson, dósent við Sálfræðideild, Sunneva Björk Gunnarsdóttir, nemandi við Hjúkrunarfræðideild, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild, Ólöf Guðný Geirsdóttir, lektor við Matvæla- og næringarfræðideild. Fjarverandi á fundinum voru Lárus S Guðmundsson, lektor við Lyfjafræðideild og Sólveig Ása Árnadóttir, dósent við Læknadeild.

Kennslunefnd Heilbrigðisvísindasviðs

Heiður Reynisdóttir, verkefnisstjóri

Kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs (HVS) er skipuð kennurum frá öllum deildum sviðsins og hefur nefndin fundað að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi um kennslumál og kennsluþróun, í samstarfi við Kennslumiðstöð, og stuðla þannig að umbótum á kennsluháttum í viðum skilningi, þar sem það á við.

Kennslumálanefnd HVS skipa: Björn Guðbjörnsson, prófessor við Læknadeild, formaður, Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild, Hákon Hrafn Sigurðsson, prófessor við Lyfjafræðideild, Guðmundur Bjarni Arnkelsson, dósent við Sálfræðideild, Ólöf Guðný Geirsdóttir, lektor við Matvæla- og næringarfræðideild, og áheyrnarfulltrúarnir Martha Á. Hjálmarsdóttir, lektor við Læknadeild, og Þórarinn Sveinsson, prófessor við Læknadeild. Starfsmaður nefndarinnar er Heiður Reynisdóttir verkefnastjóri á sviðinu.

Segja má að megin áherslur síðasta kennsluárs hafi verið rafrænar. Hákon Hrafn Sigurðsson, prófessor og deildarforseti Lyfjafræðideildar, tók af skarið og notaði rafræna prófakerfið Wiseflow með góðum árangri. Hákon Hrafn fékk sérstakt hrós frá nemendum á árlægum kennsludegi sviðsins í desember, þar sem hann deildi reynslu sinni

af kerfinu með samkennurum á sviðinu. Rafrænt prófakerfi hlýtur að vera kærkomin viðbót við núverandi fyrirkomulag – ef ekki arftaki. Við fylgjumst spennt með og tökum öllum umbótaskrefum fagnandi. Þá hafa margir kennarar nýtt sér Socratic-kerfið við úrvinnslu hópverkefna og við stöðumat.

Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, fékk aðgang að finnska Loðfílnum, sem er rafræn kennslubók í almennum tannlækningum. Bókin er nú í vinnslu og aðlögun og vonir eru bundnar við að hún muni standa nemendum til boða í einhvern tíma til aðlögunar. Í bókinni er auðvelt og þægilegt aðgengi að tenglum, kortum og ítarefni – allt lifandi uppfærðir tenglar á einum stað. Virkilega spennandi tilraun.

Í lokin er gaman að segja frá því að Heilbrigðisvísindasvið hefur auglýst til umsóknar starf kennsluþróunarstjóra, sem mun taka til starfa í lok árs 2015. Staða kennsluþróunarstjóra er ný akademísk staða á sviðinu, og er ætlað að svara kalli frá kennurum um auknið framboð kennslufræðilegrar ráðgjafar. Nýr starfsmaður mun vinna náið með Kennslumiðstöð og við biðum spennt eftir að geta sagt betur frá þessari kærkomnu viðbót við annars ágætan hóp starfsmanna Heilbrigðisvísindasviðs.

MIÐMISSERISKÖNNUN

Markviss þátttaka nemenda gefur bestu niðurstöðuna

Rannveig Sverrisdóttir, lektor við Íslensku- og menningardeild

Um ári eftir að miðmisseriskönnun var innleidd í námskeið innan Háskóla Íslands sat ég í tíma hjá kennara í annarri deild og fylgdist með kennslu. Tilgangurinn var að meta jafningja sem hluta af námskeiði í kennslufræði háskóla. Það kemur held ég mörgum á óvart hvað jafningjamat getur reynst vel, bæði þeim sem metinn er en ekki síður þeim sem metur. Í þessari kennslustund varð ég nefnilega vitni að því í fyrsta sinn að miðmisseriskönnun væri rædd og niðurstöður kynntar fyrir nemendum. Fram til þessa hafði ég einungis litið á niðurstöður miðmisseriskönnunar án þess að gera neitt með þær en sem áhugamanneskja um bætta kennsluhætti sá ég að þarna væri tæki sem vert væri að nýta sér.

Síðastliðið vormisseri, 2015, nýtti ég svo miðmisseriskönnunina í námskeiði sem ég hafði umsjón með. Námskeiðið er stórt, þverfaglegt inngangsnámskeið í Íslensku- og menningardeild. Nemendur þetta misserið voru nálægt 80 en nemendafjöldinn í þessu námskeiði hefur oft farið yfir 100 og vel það. Þarna koma saman nemendur úr fimm greinum og er námskeiðið skylda á fyrsta námsári þessara greina. Vegna stærðar og fjölbreytileika nemendahópsins eru skoðanir innan hópsins skiptar eins og eðlilegt má telja, sumir nemendur eru mjög ánægðir og telja sig læra mikið í námskeiðinu á meðan aðrir líta á þetta sem skyldu sem þarf að ljúka. Það sem einum finnst kostur þykir öðrum galli og þó nemendur vinna saman í hópum í umræðutímum er ólíklegt að skoðanaskipti um námskeiðið séu þar á dagskrá. Þetta var önnur ástæða þess að mér fannst tilvalið að skoða niðurstöður miðmisseriskönnunar í einmitt þessu námskeiði, þarna voru ánægðir nemendur og óánægðir, ólíkar skoðanir á því hvað væri gott og slæmt og ekki víst að nemendur ræddu sín á milli. Þarna væri því kjörið tækifæri til að sýna nemendum að það sem einum þykir gagnlegt þykir öðrum tilgangslaust og því sé ekki gefið að ákveðnar kennsluáðferðir eða námsmat séu að öllu leyti slæm þó einhverjum þyki svo.

Hin ástæðan fyrir því að ég valdi að fjalla um miðmisseriskönnun í einmitt þessu námskeiði er sú að ég var ekki viss um

að nemendum væri fyllilega ljóst hver tilgangurinn með ólíkum þáttum eða aðferðum námskeiðsins væri – og hér var einmitt tækifærið til að hnykkja á því og leiðrétta ranghugmyndir. Ég sá að með þessari umfjöllun væri hægt að hjálpa nemendum að gera raunhæfar væntingar og að einhverju leyti að samræma væntingar kennara og nemenda. Hér skiptir forsaga námskeiðsins máli.




Rannveig Sverrisdóttir

Námskeiðið hefur verið kennt síðan árið 2006 og frá upphafi var markmið þess að nýta sér þverfaglega möguleika ólíkra en ekki óskyldra greina og að því kæmu kennarar úr öllum greinum. Tveir umsjónarmenn stýra námskeiðinu en fjöldi kennara kemur að því hverju sinni (yfirleitt í kringum tug eða svo) og koma sumir þeirra aðeins einu sinni inn í námskeiðið, aðrir tvisvar til þrisvar. Hver og einn kennir sitt sérsvið en hefur að leiðarljósi þann þráð sem námskeiðinu er ætlað að spinna. Eftir að ég tók við umsjón námskeiðsins hef ég heyrt nemendur gagnrýna það að alltaf væri nýr og nýr kennari í hverjum tíma. Hér var því greinilega þörf á því að samræma væntingar kennara og nemenda.

Úrvinnsla og kynning á niðurstöðum

Í þetta sinn var miðmisseriskönnun ekki kynnt sérstaklega fyrir nemendum fyrirfram eða þeir hvattir til að svara. Einungis um þriðjungur nemenda svaraði og gefur það vísbendingu um að hvatningar sé þörf. Ef kennarar eru ákveðnir í að vinna með miðmisseriskönnun og kynna niðurstöður hennar fyrir nemendum er sjálfsagt að minna nemendur á að svara og segja þeim um leið að niðurstöður verði ræddar í kennslustund. Ef kennslukannanir eru notaðar markvisst er líklegt að fleiri nemendur taki þátt í þeim og þær gefi því að lokum marktækari niðurstöður en þegar einungis þriðjungur svarar.



Niðurstöður könnunar kynnti ég sem umsjónarmaður námskeiðs í tíma eftir að hafa tilkynnt nemendum að um hana yrði fjallað. Ég vann þannig úr svörunum að ég dró fram helstu neikvæðu og jákvæðu atriðin sem fram komu og bar saman við eiginleg markmið námskeiðsins. Í kennslustund fór ég svo yfir þessi atriði munnlega og má segja að umfjöllunin hafi skipts í fernt (fjögur leiðarstef):

Óraunhæfar væntingar: Í könnunni kom eitt og annað fram sem telja mætti óraunhæfar væntingar nemenda, t.d. sú gagnrýni að kennarar námskeiðs séu margir. Með því að segja nemendum að þetta sé með vilja gert (og skýrist t.d. ekki af því að ekki sé til kennari sem getur kennt allt námskeiðið almennilega) fá nemendur bæði útskýringu á fyrirkomulaginu (þó hún hafi verið gefin í upphafi misseris er ekki víst að allir hafi meðtekið hana) og eru væntingar þeirra því samræmdar markmiðum námskeiðsins. Hér var líka tækifæri til að ræða misskilning sem upp kom (t.d. vegna lokaprófs) og leiðrétta.

Skiptar skoðanir: Í stórum nemendahópi eru skoðanir misjafnar og það kom berlega í ljós í könnunni að það sem einum finnst galli finnst öðrum kostur, t.d. sú tilhögun að hafa marga kennara. Í stórum námskeiðum eins og þessu vita nemendur ekki alltaf hvað öðrum nemendum finnst. Hér gátu nemendur þá bæði séð að einhverjir voru sammála þeim en líka að aðrir voru það ekki. Það er gott að vita að maður er ekki einn um gagnrýni sína en líka hollt að sjá að þó einum þyki eitthvað slæmt þá nýtist það mörgum öðrum nemendum og kemur til góða.

Hvað er gott: Það er gott fyrir kennarann að sjá hvað nemendum finnst gagnlegt og hér var t.d. talað um hröð einkunnaskil úr verkefnum sem við umsjónarmennirnir höfðum lagt okkur fram um að standa við. Það var gott að taka upp jákvæð atriði og segja nemendum að þetta væri einmitt það sem við legðum okkur fram við.

Hvað má bæta: Margar af neikvæðu athugasemdunum voru gagnlegar og hægt var að bregðast við sumum þeirra strax. Aðrar voru ekki þess eðlis en hér gafst þá tækifæri til að útskýra af hverju.

Þó fáir segðu beint út að þeim hefði fundist þessi umræða og kynning til góðs var tilfinning mín sem umsjónarmanns þó sú að svo væri. Það að bjóða upp á vettvang til umræðna um fyrirkomulag námskeiðs í því miðju gefur færi á svo mörgu fyrir kennarann en nemendur fá líka tækifæri til að leiðrétta ranghugmyndir sínar og ekki síður geta þeir hér haft áhrif á það sem þarf að bæta. Þó ekki sé hægt að bregðast við öllum óskum nemenda (enda óæskilegt) þá geta litlir hlutir sem auðvelt er fyrir kennarann að breyta eða bæta oft haft gríðarleg áhrif fyrir nám og líðan nemenda.

Þetta var mín fyrsta tilraun til að nýta miðmisseriskönnun og ræða við nemendur, sú tilraun heppnaðist vel en framkvæmdina má enn bæta, t.d. með því að hvetja nemendur til þess að svara könnun og setja hana jafnvel á kennsluáætlun. Ég mun prófa það næst.

MIÐMISSERISKÖNNUN

Notkun niðurstaðna miðmisseriskönnunar í kennslu

Gunnar Þór Jóhannesson, dósent við Líf- og umhverfisvindadeild

Síðan miðmisseriskönnun á kennslu var tekin upp hef ég ásamt samkennurum leitast við að nýta niðurstöður hennar til að skapa samtal við nemendur um tiltekin námskeið, efnistöð og kennsluhætti. Reynsla okkar er að það þarf ekki að taka langan tíma en getur haft góð áhrif til að skerpa á markmiðum, hugmyndum okkar kennaranna um námskeiðið og til að leiðrétta misskilning. Við höfum líka tekið við hugmyndum nemenda um hvernig megi bæta námskeiðið og stundum höfum við getað breytt tilhögun einstakra þátta í takt við gagnrýni nemenda.

Tilhögun kynningar á niðurstöðum er í grunnatriðum mjög einföld. Við reynum að nota kennslustund sem fyrst eftir að niðurstöður liggja fyrir til að fara yfir könnunina. Röðun námskeiðsins er kynnt miðað við önnur námskeið í deild, á sviði og við Háskóla Íslands og farið yfir efnisleg atriði sem koma fram í opnum spurningum. Yfirleitt má draga það sem jákvætt er og það sem betur má fara saman í þrjú til fimm punkta. Þessi atriði eru tekin saman og kynnt á glæru eða töflu og virka sem kveikjur til að skapa samtal við nemendur um kosti og galla námskeiðsins.

Það er misjafnt hversu langan tíma svona kynning tekur en mín reynsla er að það borgar sig að gefa sér nægan tíma til að fara yfir og ræða þær athugasemdir sem koma fram. Stundum tekur smá tíma að koma nemendum í gang og fá þá til að tjá sig um atriði sem koma fram í kennslukönnun. Ég hef notað allt frá 10 mínútum í 30 mínútur til að kynna og ræða niðurstöður.

Aðgerðir í kjölfar niðurstaðna

Ekki hefur verið mótuð nein formleg aðgerðaráætlun út frá niðurstöðum miðmisseriskönnunar. Stundum hafa atriði í skipulagi eða efnistöðum námskeiðs verið gagnrýnd og þá höfum við notað tækifærið og rætt um það við nemendur. Stundum erum við kennarar ósammála gagnrýninni og færum þá rök fyrir því af hverju skipulagið ætti að vera svona eða hinseginn. Það kemur hins vegar líka fyrir að nemendur koma auga á einfaldar eða árangursríkar leiðir sem hægt er

að taka upp og þá breytum við námskeiðinu í takt við það, annað hvort strax eða í næsta skipti sem námskeiðið er kennt.

Áhrif til lengri tíma

Miðmisseriskönnunin er afar einfalt og þægilegt tæki til að taka stöðuna í nemendahópnum og hjálpa til við að halda

öllum, bæði nemendum og kennurum, á sömu blaðsíðu

í vinnu námskeiðsins. Könnunin veitir vísbendingar um andrúmsloftið í nemendahópnum og gefur möguleika á að grípa inn í ef einstök atriði vefjast fyrir einhverjum nemendum. Stundum trufla atriði, sem einfalt er að laga, nemendur mjög mikið og þá er auðvelt að ræða um þau, útskýra og leita eftir frekari skýringum frá nemendum um hvað er raunverulega að angra þá.

Það eitt að tala um athugasemdirnar sem koma fram skerpir oft skilning á markmiðum og tilgangi námskeiða eða einstakra þátta þeirra. Með því að miðla niðurstöðum og ræða bæði það jákvæða og neikvæða sem kemur fram fá nemendur á tilfinninguna að skoðanir þeirra séu teknar alvarlega og upplifa sig sem virkari þátttakendur í náminu. Þeir sjá einnig að það gengur ekki að setja fram gagnrýni án nokkurra raka og það ætti að hvetja til málefnalegrar gagnrýni á námskeið og kennsluhætti af hálfu nemenda.

Enn fremur er ég þess fullviss að miðlun niðurstaðna og samræður um hvernig megi bæta námskeið hvetji ekki einungis til þátttöku í kennslukönnunum heldur geri nemendur almennt virkari í að velta fyrir sér tilgangi og markmiðum í kennslu tiltekinna námskeiða og eins hvað það er sem þeir vilja fá út úr námi sínu við Háskóla Íslands.



Gunnar Þór Jóhannesson



KENNSLUFRAEÐI HÁSKÓLA

Guðrún Geirsdóttir, dósent á Menntavísindasviði og deildastjóri Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands

Það fylgir haustinu að taka á móti nýjum hópi kennara í háskólakennslufræði. Í haust hófu um tuttugu kennarar af hinum ýmsu fræðasviðum nám í *Inngangi að háskólakennslufræðum* sem er fyrsta námskeiðið af þremur í diplómanámi í háskólakennslufræðum. Þátttakendur glíma þar við kenningar og fræðslufni um háskólakennslu um leið og þeir rýna í eigin kennsluhætti og fylgjast m.a. með kennslu félaga sinna. Þeir sem þreyja með okkur þorrann í vor munu glíma við að endurskoða og endurbæta eigin námskeið á námskeiðinu *Skipulag námskeiða, námsmat og mat á eigin kennslu*. Í vor útskrifuðust svo sex vaskir háskólakennarar með diplómu í háskólakennslufræðum. Þeir þátttakendur

höfðu í námskeiðinu *Kennsluþróun og starfendarannsóknir* glímt við fjölbreytt kennsluþróunarverkefni sem þeir svo kynntu á Menntakviku nú í september. Þar kenndi ýmissar grasa. Bryndís Eva Birgisdóttir fjallaði um námskrárgerð í næringafræði, Geir Sigurðsson skoðaði gagnrýna hugsun í menntaheimspeki konfúsíanísímans, Júlía Hreinsdóttir rýndi í eigin kennsluhætti í kennslu tákna máls, Þórunn Sigurðardóttir velti því fyrir sér hvort gjá væri á milli leikhúsa og leiklistarnáms og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir sagði frá eflingu samræmdra kennsluhátta í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Umfjöllun Þórdísar er jafnframt að finna hér í tímaritinu.

GRÓSKA Í UPPLÝSINGATÆKNI

- Fréttir af Kennslumiðstöð Háskóla Íslands

Bjarndís Fjóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri á Kennslumiðstöð

Haustmisserið fer mjög vel af stað í Kennslumiðstöð, fjölbreytt og áhugaverð verkefni liggja fyrir og dagskráin sem skipulögð var í vor er hafin.

Síðastliðið vor hætti Háskóli Íslands að nota eMission upptökukerfið og skipti yfir í nýtt kerfi sem heitir Panopto. Innleiðingarferlið hófst strax á vormánuðum. Panopto er upptökuforrit sem tengist bæði Uglu og Moodle, þar með er hægt að stýra upptökum frá báðum námsumsjónarkerfum. Ákveðnir byrjunarerfiðleikar hafa verið við að laga kerfið að skráningar- og námsumsjónarkerfum Háskólans, en þeir eru nú að baki.

Í ágúst uppfærðum við námsumsjónarkerfið Moodle 2.6 í 2.9. Nokkrar breytingar hafa orðið í hagræðingarskyni sem einfalda notkun þess.

Helstu nýjungar uppfærslunnar eru:

- Síða fyrir notendaupplýsingar
 - Yfirlitssíða með flytleiðum yfir í námskeið, notendaskýrslur og innskráningarupplýsingar
 - Nemendur geta séð einkunnir allra námskeiða á einum stað í Moodle
- Tenging við Uglu
 - Nemendur þurfa einungis að skrá sig inn í Uglu og komast þaðan inn á kennsluvef Moodle
 - Afrit eru tekin af öllum námskeiðum einu sinni á sólarhring



Bjarndís Fjóra, verkefnisstjóri á Kennslumiðstöð og Suzanne Stone frá Dublin City University á góðri stund.

Erlendir gestir og UT-verkfæradagar

Á árinu fengum við þrjá erlenda gesti sem tengjast allir upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu. Í febrúar kom David Corello Martinez, verkefnisstjóri frá Universidad de Alicante á Spáni. Sérsvið hans er Joomla vefumsjónarkerfið og Moodle. Við skiptumst á upplýsingum og miðluðum úr reynslubanka okkar. Á lokadegi heimsóknar hans héldum við fyrsta UT-verkfæradaginn hér í Kennslumiðstöð. Nánar má sjá Títanblokk frá honum á slóðinni: bit.ly/utdagur1.



Bjarndís Fjóra Jónsdóttir

Við erum að þróa UT-verkfæradaginn en í stórum dráttum höldum við hann seinnipart dags t.d. á föstudegi þar sem áhugasamir einstaklingar koma saman og deila sín á milli þekkingu og reynslusögum af ýmsu tengdu upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu. UT-verkfæradagar verða haldnir með reglulegu millibili á þessu skólaári.

Í maí kom Suzanne Stone, verkefnisstjóri frá Dublin City University á Írlandi í heimsókn. Sérsvið hennar er Adobe Connect fjarfundakerfið, Moodle og upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í námi og kennslu. Suzanne hélt m.a. námskeið um notkun Adobe Connect og kynnti fyrir okkur Project 252 (project252.dononda.com)

Upphafsmáður Project252 er Enda Donolon kennslufræðingur á sviði upplýsingatækni hjá Dublin City University. Markmiðið með verkefninu er að safna upplýsingatækniverkferum og hugmyndum um notkunarmöguleika í kennslu, og er viðfangsefnum raðað eftir stafrófsröð. Allir geta tekið þátt, hvort sem er í gegnum Twitter aðgang eða nafnlaust. Suzanne tók einnig þátt í UT-verkfæradegi Kennslumiðstöðvar. Upplýsingar um hann má finna á Títanblokk á slóðinni: bit.ly/utdagur2

Í ágúst fékk Kennslumiðstöð til sín þriðja erlenda gestinn til að kynna háskólafólki upplýsingatækni í kennslu. Það



David Corello Martinez, verkefnisstjóri frá University of Alicante að kynna nýjungar í upplýsingatækni fyrir starfsfólki Kennslumiðstöðvar.

var Bart Verswijvel frá Evrópska skólanetinu (European Schoolnet) og leiddi hann okkur í allan sannleik um „skólastofu framtíðarinnar“. Þar kynnti hann fjöldann allan af upplýsingatækniverkfærum sem hægt er að nota í kennslu og rannsóknum, m.a. Socrative, Quizlet, Padlet, AnwerGarden og Teamup. Höfuðáherslan var þó á notkunarmöguleika samfélagsmiðilsins Twitter í kennslu og rannsóknum. Vel var mætt á vinnustofu Veswijvel, þátttakendur voru áhugasamir og sáu möguleika í upplýsingatækni í kennslu og rannsóknum.

Kennslumiðstöð hefur staðið fyrir nokkrum upplýsingatækninámskeiðum og má þar nefna þessi: Samfélagsmiðlar í námi og kennslu, Skjákyrningar, Office 365 – skrifstofan í skýjunum og Moodle-námskeið. Einnig höfum við farið með námskeið út í deildir og á

fræðasvið, bæði sem hádegisfundir og kennsluþróunardaga. Viðfangsefnið eru mismunandi og fara eftir þörfum og áherslum hvernar deildar eða fræðasviðs. Sem dæmi má nefna nýjungar í upplýsingatækni í námi og kennslu, upptökur og skýjalausnir. Fræðasvið og deildir eru mismunandi og því henta þeim oft mismunandi nálganir í námi og kennslu. Það er bæði ánægjulegt, og í samhljómi við stefnu Kennslumiðstöðvar að veita sérfræðipjónustu sem svarar sem best þörfum mismunandi deilda og fræðasviða.

Kennslumiðstöð er virk á samfélagsmiðlum og við hvetjum lesendur til þess að fylgja okkur á eftirfarandi slóðum: **Pinterest** - pinterest.com/kennslumidstod/, **Instagram** - instagram.com/kennslumidstod/, **Twitter** - twitter.com/Kemst_HI og **Facebook** - facebook.com/kennslumidstod

Samstarf um kennsluþróun

Þann 24. og 25. nóvember eru komið að Kennslumiðstöð Háskóla Íslands að hýsa árlegan fund eða vinnustofu félaga í *Nordic-Baltic network in higher education development*. Þá munu mæta til leiks ríflega þrjátíu norrænir starfsmenn á sviði kennsluþróunar á háskólastigi ásamt íslenskum kollegum frá öllum háskólum landsins. Samtökin sem eru fimm ára gömul eru óformlegur samráðs- og fræðsluvettvangur fólks sem sinnir kennsluþróun á háskólastigi og kemur saman einu sinni ári til að bera saman bækur, vinna að sameiginlegum

verkefnum og leggja á ráðin um ný. Kennslumiðstöð hefur verið þátttakandi frá árinu 2011 og notið mikils góðs af samstarfi við norræna félaga. Í ár munu fundarmenn fjalla um hvers konar hæfni er æskilegt að þeir sem sinna háskólakennsluþróun búi yfir og skoða sérstaklega hvernig leggja má mat á árangur slíks starfs.

Á fyrra ráðstefnudegi verður stofnfundur samtaka þeirra sem sinna kennsluþróun á háskólastigi á Íslandi.

Umbótastarf með nemendum og kennurum í Stjórn málafræðideild 2010 – 2015

Viðtal við Margréti S. Björnsdóttir, aðjúnkt við Stjórn málafræðideild HÍ
Ása Björk Stefánsdóttir, verkefnisstjóri á Kennslumiðstöð

Stjórn málafræðideild hefur frá árinu 2010 unnið markvisst að því að bæta ástundun, náms- og kennslumenningu og þar með vonandi árangur nemenda í stjórn málafræði. Umræður höfðu um nokkurt skeið farið fram innan deildarinnar um að greina mætti ákveðinn losarabrag í ástundun nemenda og að nokkuð vantaði upp á góða náms- og kennslumenningu. Fram að þeim tíma hafði ekki verið fylgst skipulega með námsframvindu eða brottfalli nemenda og erfitt var að fá þær upplýsingar úr upplýsingakerfi Háskóla Íslands. Við upphaf verkefnisins var þó vitað að svonefnt endurkomuhlutfall 1. árs nema í stjórn málafræði upp á annað ár hafði árin 2005 – 2009 að jafnaði verið undir meðaltali HÍ og lægra en í sambærilegum deildum.

Áherstur og leiðir

Margréti S. Björnsdóttur aðjúnkt var falið að koma með tillögur að umbótum. Hún leitaði eftir samstarfi við kennslumálanefnd HÍ, en nefndin hafði árið 2008 tekið saman *brottfallsskýrslu um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli*. Þar var meðal annars að finna upplýsingar um hvernig unnið væri gegn brottfalli í öðrum löndum.

Strax í upphafi var horft sérstaklega á fyrsta ár í BA-námi deildarinnar, en stuðningur þar er talinn mikilvægastur. Þá segir árangur á 1. ári mikið fyrir um árangur í námi síðar. Hvað gæti deildin gert, hvernig væri hægt að styðja nemendur til árangursríkari vinnubragða í námi? Í samræmi við ráðleggingar í fyrrnefndri brottfallsskýrslu var ákveðið að freista þess að efla bæði faglega og félagslega þáttinn í náminu, en samkvæmt rannsóknnum er bæði félagsleg og fagleg samlögun (*e. integration*) mikilvæg námsárangri. Þetta var gert á margvíslegan hátt. Vinnulagsnámskeið á fyrsta misseri var eftt og komið var á mentorakerfi fyrir 1. árs nemendur með eldri nemendum. Skipulagðir voru leiðsagnarfundir þrisvar sinnum á vetri undir handleiðslu fastra kennara, þar sem þeir hittu 1. árs nema í 6–10 manna hópum. Á fundunum var farið yfir fjölda atriða sem gátu gagnast nemendum í náminu og

jafnframt farið yfir námskeið misserisins. Í ljós hefur komið að nemendur eru ekki einungis fúsir til að spyrja, heldur hafa þeir mjög ákveðnar skoðanir á því sem gott er í náminu og því sem betur mætti fara. Meðal þess sem kom fram voru ábendingar um að kennari legði ekki fram nothæfa kennsluáætlun, ekki væri næg áhersla á íslensk stjórn málafræði í upphafi námsins, yfir í það að nemendur skorti forsendur og undirbúning undir tiltekin námskeið 1. ársins.



Margrét S. Björnsdóttir

Margrét segir að lögð hafi verið áhersla á að koma öllum sanngjörnum og vel rökstuddum ábendingum strax til skila til viðkomandi kennara – sem nær undantekningarlaust bregðast vel við. Þeim atriðum sem lutu að skipulagi 1. ársins var komið til deildarforseta og námsnefnda, þær ræddar þar og hefur skipulagi 1. ársins verið breytt og komið til móts við ábendingar nemenda. Bætt hefur verið við námskeiði um íslensk stjórn málafræði og tvö námskeið verið flutt af 1. ári yfir á síðari ár námsins. Eitt sem e.t.v. vegur ekki þungt, en enginn hafði hugsað sérstaklega út í, var að þegar verkefnið hófst voru nær öll 1. árs námskeiðin kennd í Háskólabíói og nemendur höfðu varla komið í hús deildarinnar, Odda. Úr þessu var bætt og nú eru aðeins stóru sameiginlegu námskeiðin kennd þar, en önnur komin í Odda eða á Háskólatorg. Auk þess eru fundir með kennurum haldnir á skrifstofum á stjórn málafræðiganginum í Odda, til að sýna nemendum að þar séu þeir velkomnir.

Árangur?

Hafa ofangreindar aðgerðir skilað Stjórn málafræðideild og nemendum hennar betri náms- og kennslumenningu? Margrét telur erfitt að segja til um árangur af þessu en



Það er staðreynd að endurkomuhlutfallið hefur hækkað og Stjórn málafræðideild skorar hátt í þeim könnunum sem Félagsvísindastofnun hefur gert undanfarin ár um viðhorf 2. árs nema, m.a. til upplýsingamiðlunar um námið og aðgengi að kennurum.¹

Margs konar vinnubrögð hafa enn fremur breyst. Deildin fylgist eins og áður sagði mjög vel með námskeiðum 1. árs. Kennarar eru hvattir til að taka upp fjölbreytt námsmat, fylgjast með mætingu, íhuga mætingarskyldu, meta áhrif tölvunotkunar í kennslustundum o.fl. Aukin áhersla er á gæði kennslu í deildinni, m.a. með *Kennsluborði*, sem er mánaðarlegur samráðsvettvangur fastra kennara og stundakennara um bættu kennsluhætti.

Loks nefnir Margrét að eftir því sem liðið hafi á verkefnið komi fram á fundum 1. árs nemenda og kennara aukin ánægja nemenda með kennsluna, allt utanumhald og stuðning deildarinnar. Í byrjun október sl. voru fyrstu fundir kennara með þeim sem innrituðust sl. haust. Sem dæmi um andann hjá nemendum er eftirfarandi tilvitnun í skýrslu eins kennara eftir fundinn:

„Þau voru almennt mjög jákvæð, nefndu sérstaklega að kennarar væru mjög vel að sér og gætu brugðist við spurningum um efnið, kæmu efninu vel frá sér en leyfðu líka umræðum að þróast í tímum. Finnst gott að hafa allar upplýsingar aðgengilegar (Ugla/Moodle), námskeið skipulögð og væntingar skýrar. Kennarar vel skipulagðir, hlutapróf gagnleg, þau þvinga þau til að lesa og undirbúa

sig og eru vísbending um hvernig þau standi í náminu. Álagið hæfilegt, alls ekki auðvelt nám, en auðvelt að taka þátt í tímum og mikil gagnvirkni (umræður)“.

Margrét kvaðst þess fullviss að þessi verkefni héldu áfram á einhverju formi, sátt væri um þau í deildinni og kennarar tilbúnir til að leggja á sig þá vinnu sem þetta krefst. Næst á dagskrá hjá Stjórn málafræðideild er að skoða brautskráningarhlutfall í BA-námi og leggja einnig drög að stuðningsaðgerðum þar. Árin 2013-2015 tók Margrét að sér svipað verkefni með meistaranemum í opinberri stjórnsýslu, nemendum sem ekkert áttu eftir annað en ritgerð, en höfðu hætt námi. Það kostaði töluverða vinnu, en árangur var góður. Þessum verkefnum lyki aldrei, alltaf kæmu nýir nemendur og ný úrlausnarefni.

Nýta upplýsingar til umbótastarfs

Að lokum nefndi Margrét að brýnt væri að gera upplýsingakerfi Háskólans aðgengilegra hvað varðaði námsframvindu og námsafköst nemenda, að þeim upplýsingum væri skipulega dreift til deilda ásamt samanburði við aðrar deildir og deildir hvattar til að vinna með upplýsingarnar eins og kostur er. Það væri ekki til að slaka á kröfum til nemenda, heldur til að skoða hvort eitthvað mætti bæta í skipulagi eða framkvæmd kennslu og þjónustu, þannig að betri árangur næðist. Það er til lítills að þessar upplýsingar séu til, ef enginn fylgist með þeim eða reynir að bregðast við þar sem hægt er. Nefna má að í sjálfsmatskýrslu HÍ frá því í nóvember 2014, *Reflective Analysis*, koma fram á bls. 91-93 áform um að vinna sérstaklega að þessum atriðum.

¹ Niðurstöður úr *Survey on student's satisfaction* meðal 2. árs nema í stjórn málafræði. Fyrst í mars 2012: Nægur aðgangur að kennurum 95% (Félvís.svið 79%, HÍ 82%). Næg ráð og stuðningur í námi 91% (Félvís.svið 59% og HÍ 60%). Sama könnun 2013: Nægur aðgangur að kennurum 81% og næg ráð og upplýsingar um námið 58%. Könnun 2014: Nægur aðgangur að kennurum (77%) og næg ráð og upplýsingar um námið (76%). Hæst á Félvís.sviði það árið, meðaltal HÍ 62%.



VIÐURKENNING FYRIR LOFSVERT FRAMLAG Í KENNSLU

Háskóli Íslands heiðraði Rögnvald Möller, prófessor við Raunvísindadeild, fyrir lofsvert framlag til kennslu á opnum fundi í nóvember 2014. Í greinagerð valnefndar segir að Rögnvaldur hafi sinnt fjölbreyttri kennslu sem mótast hafi af virðingu fyrir nemendum janfint sem fræðum. Hann þykir framúrskarandi kennari og hefur hlotið afar lofsamleg ummæli nemenda sinna og samkennara.

Rögnvaldur hefur brennandi áhuga á kennslumálum á breiðum grundvelli og metnaður fyrir fræðigreininni einkennir hans störf. Rögnvaldur hefur tekið þátt í viðtæku samstarfi við önnur skólastig í landinu með það að markmiði að samræma kröfur og kunnáttu við inntöku nemenda í Háskóla Íslands og til að bæta og efla kennslu í stærðfræði við grunn- og framhaldsskóla. Þá hefur hann tekið virkan þátt í að skipuleggja stærðfræðikeppni framhaldsskólanna, samningu námsskrár fyrir grunnskóla og staðið fyrir könnunarprófum meðal nýnema er varða kunnáttu í stærðfræði og undirbúning náms við Háskóla Íslands.



Rögnvaldur hélt erindi á fjölmennu jólakennslukaffi Kennslumiðstöðvar í desember 2014. Þar lagði hann áherslu á að hlutverk kennara væri að ryðja hindrunum úr vegi nemenda og efla þá sem stærðfræðinemendur. Húsfyllir var og góður rómur gerður að erindinu.

Starfsfólk kennslumiðstöðvar H.Í



Anna Kristín Halldórsdóttir
Verkefnisstjóri
annakr@hi.is - s. 525 4220



Guðrún Geirsdóttir
Deildarstjóri Kennslumiðstöðvar og
dósent á Menntavísindasviði
gudgeirs@hi.is - s. 525 4574



Ása Björk Stefánsdóttir
Verkefnisstjóri
asabjork@hi.is - s. 525 5247



Gústav K. Gústavsson
Tæknimaður
gustav@hi.is - s. 525 5935



Bjarndís Fjóra Jónsdóttir
Verkefnisstjóri
bjarndis@hi.is - s. 525 4279



Nanna Höjgaard Grettisdóttir
Fulltrúi
nannahg@hi.is - s. 525 4279



Elva Björg Einarsdóttir
Verkefnisstjóri
elvab@hi.is - s. 525 4292



Rúnar Sigurðsson
Verkefnisstjóri
runarsig@hi.is - s. 525 4447



Grettir Sigurjónsson
Tæknistjóri
grettir@hi.is - s. 525 5164



Sigurður Jónsson
Verkefnisstjóri
sigjons@hi.is - s. 525 4966



**Háskóli Íslands
Kennslumiðstöð**

Aragötu 9, 101 Reykjavík

Sími: 525 4447, netfang: kemst@hi.is

www.kemst.hi.is

Útgefandi: Kennslumiðstöð HÍ

Ritstjóri: Guðrún Geirsdóttir

Umsjón: Ása Björk Stefánsdóttir

Umbrot: Tryggvi Ólafsson

Ljósmyndari: Kristinn Ingvarsson

Prófarkalestur: Bjarni Benedikt Björnsson

ISSN 2298-6030



9 4772298 603003